

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Öðru sinni eru félagsráðgjafar staddir í pöllunum á fundi borgarstjórnar og eru þeir boðnir sérstaklega velkomnir. Yfir standa í Karphúsinu erfiðar og strembnar viðræður greinilega og ég vil taka undir orð borgarstjóra hér áðan því það er rétt sem þar kom fram, að jafnmikilvægt og málið er, að þá segja lög um vinnudeilur og kjarasamninga beinlínis fyrir um það að á meðan mál er í hörðum hnút og í höndum sáttasemjara sé ekki ætlast til þess að aðilar máls tjái sig um það á öðrum eða opinberum vettvangi. En ég bind, eins og aðrir, vonir við að næstu sólarhringar verði árangursríkir og það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur öll.

En það sem hér er til umræðu eru drög að eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Við ræddum það hér í þessum sal á dögnum í tengslum við húsnaðisstefnu Reykjavíkur að kannski væri það gott vinnulag að taka stór stefnumarkandi mál til umræðu áður en þau koma til formlegrar samþykktar og það er verið að gera hér í þessu máli og er reyndar ekki í fyrsta skipti því eigendanefnd um Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem ég er formaður, skilaði drögum af sér eftir ársstarf í byrjun sumars og þau drög voru kynnt almenningi og áhugasömum á opnum fundi í Orkuveitu Reykjavíkur en eins og kunnugt er eigum við Orkuveituna með Akranesi og Borgarbyggð og eiga viðkomandi sveitarfélög fulltrúa í nefndinni ásamt fulltrúum allra flokka úr borgarstjórn. Vefsvæði hefur einnig verið opnað til þess að allur almenningur og þeir sem áhuga hafa geti kynnt sér drögin að eigendastefnunni og öll undirskjöl sem orðið hafa til í vinnu nefndarinnar, sem eru umtalsverð, og er þessa síðu að finna inni á vef Orkuveitu Reykjavíkur undir sérstöku svæði eigendanefndarinnar.

Nú, hvað hefur nefndin verið að fjalla um? Eins og drögin bera með sér má segja að við séum í þessu verki að reyna að draga ályktanir af reynslu undanfarinna ára varðandi Orkuveitu Reykjavíkur en um leið að kalla fram skýra sýn eigenda á hlutverk fyrirtækisins, umboð handhafa eigendavalds, stjórnar, forstjóra og draga fram lýsingu á kröfum um stjórnarhætti ásamt því eftirliti sem við sem eigendur og handhafar almannavalds viljum að sé til staðar innan fyrirtækisins. Með skýrri

Bstj. 20. september 2011

eigendastefnu viljum við semsagt leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð allra, þar á meðal okkar sem eigenda, en tryggja borgarstjórn, borgarráði og hinum sveitarfélögum aðkomu að meginákvörðunum, stórum stefnumarkandi ákvörðunum, sem verður þá ekki einungis ráðið til lykta við stjórnarborð Orkuveitunnar.

Eigendastefnan á þannig að vera nokkurskonar sáttmáli eigendanna, líkt og sameignarsamningur hefur áður verið, og í kjölfar samþykktar eigendastefnunnar er gert ráð fyrir að sameignarsamningur og aðrar formlegar samþykktir verði teknar til endurskoðunar en núverandi sameignarsamningur tekur fyrst og fremst á stjórnskipulagi en ekki þessum stefnumótandi þáttum nema með mjög almennum hætti. Mig langar til þess að rekja í stuttu máli helstu áherslubreytingar í eigendastefnunni. Í fyrsta lagi er hlutverk fyrirtækisins skýrara en áður, hefðbundin veitustarfsemi er meginhlutverk þess og öll frávik frá því koma til kasta eigenda. Eigendur skilgreina jafnframt kröfu um arðsemi rekstrarins, arðgreiðslur og viðmið í því efni. Sú krafa er gerð að arðsemi verði tengd áhættu og fjármögnun einstakra rekstrarþátta. Þá er stjórn gert að leggja áhættuþol eigenda til grundvallar í ákvörðunum. Það er gerð krafa um að afgangur af auðlindanýtingu sé gegnsætt og það er ítarlegri grein um að skuldbindingar umfram 5% af eigið fé sem þurfa samþykki eigenda, hvað falli undir skuldbindingu í þessu samhengi, en það hafa einkum verið lán hingað til, það er að segja langtímalán, en núna er þetta ítarlegra.

Þá er gerð sú krafa að stjórn vísi óvenjulegum, veigamiklum og stefnumarkandi ákvörðunum til eigenda og ákvarðanir um nýjar virkjanir og framkvæmdir á óröskuðum svæðum skuli í öllum tilvikum bornar undir eigendur. Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verði opnir almenningi og eigendafundur skal ekki aðeins haldinn með aðalfundi heldur reglulegur eigendafundur í desember ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og langtímaáætlunar um fjárfestingu og rekstur. Það mætti í löngu máli rekja hvernig þessar nokkuð einföldu en vonandi skýru áherslubreytingar hefðu breytt sögunni. Ég ætla ekki að dvelja lengi við það en þó er alveg ljóst að ýmislegt í málsmeðferðinni varðandi raforkusölusamninga og virkjanir hefði breyst. Það er að segja að sérstakt áhættumat fyrir verkefni í

Bstj. 20. september 2011

heild yrði nú að leggja fyrir. Kaup og sameining á veitum er annað dæmi sem ekki hefur komið til kasta eigenda hingað til og ekki hefur fylgt áhættumat og það verður gert. Nú, stofnun félaga á borð við REI myndi koma til kasta sveitarstjórnanna og skammtímafjármögnun af ýmsu tagi og endurfjármögnun myndi koma til kasta eigenda, ásamt því sem þar yrði að fylgja. Þá er gert ráð fyrir því að eigendur þurfi að staðfesta starfsreglur stjórnar og arðsemiskröfur til starfsþátta og mælikvarða þar að lútandi og sérstaka áhættustefnu Orkuveitu Reykjavíkur.

Býsna umfangsmiklar og ítarlegar breytingar en við skulum ekki gleyma því að þó að hér sé mjög margt skilgreint sem eigi að koma til kasta eigenda, að þá er það ekki gert til þess að skilin milli eigenda, ábyrgðar okkar sem eigenda í sveitarstjórnunum og stjórnarinnar verði samkrulluð heldur þvert á móti, að þarna sé skerpt á skilunum þannig að það komi formlega inn á borð sveitarstjórnarinnar sem þar á heima en að ábyrgðin á daglegum rekstri sé stjórnendanna og stjórnar fyrirtækisins og það held ég að sé býsna heilbrigð hugsun en þessar málsmeðferðarreglur eru líka eðlilegar að mínu mati vegna þess að þær endurspeglar að allar skuldbindingar Orkuveitunnar eru á fjárhagslegri ábyrgð borgarsjóðs og borgarbúa í því hlutfalli sem við eigum í fyrirtækinu. Og þau atriði sem hér hafa verið rakin, um þau hefur ríkt víðtæk sátt í nefndinni og eins í þeim athugasemdum sem nefndinni hafa borist á athugasemdatímanum sem nú er liðinn.

Það sem stendur útaf borðinu og er ekki fullrætt er hæfi stjórnarmanna, það er að segja hvort að þessi eigendastefna og þessi skýru skil og málsmeðferðarreglur um hvað eigi að koma til kasta sveitarstjórnanna gefi okkur færi á að taka pólitíkina þannig inn á vettvang sveitarstjórnanna og ráða hana til lykta þar en kalla til starfa í raun fagstjórnendur inni í stjórn Orkuveitunnar í stað sveitarstjórnarmanna eins og gjarnan hefur verið. Og það er eindregin afstaða núverandi meirihluta borgarstjórnar að það sé besta fyrirkomulagið og eðlilegt núna þegar skýr sýn á eigendastefnu liggur fyrir. Þetta er hinsvegar umdeilt og í nefndinni hefur komið fram tillaga um að það skuli þvert á móti vera áskilið að stjórnarmenn eigi sæti, séu aðallega varamenn í sveitarstjórnunum. Þetta er ekki útrætt í eigendaneftinni.

Bstj. 20. september 2011

Örstutt hér í lokin um næstu skref í starfi eigendanevndarinnar, að þá á ég ekki von á því að það muni taka mjög marga fundi að fara yfir þær ábendingar sem hafa komið við eigendastefnuna. Þær hafa flestar verið gagnlegar og gott að geta komið til móts við margar þeirra en þær hafa kannski ekki lotið að þeim grundvallaratriðum eða prinsippum sem miklu skipta og sæmileg sátt hefur verið um. Næsti áfangi í starfi nefndarinnar þegar búið verður að botna eigendastefnuna og raunar kannski eitthvað samhliða því, er að ræða hluti sem varða uppskiptingu fyrirtækisins ef sá frestur sem Alþingi veitti seint á síðasta ári, eins árs frestur, stefnir í að renna út. Í þessum mánuði er að ljúka hagkvæmniathugun hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir iðnaðarráðuneytið á því hvernig uppskiptingu á raforkumarkaði hefur reitt af eða hvaða áhrif það hefur haft á Íslandi og það var gert að beiðni eigendanevndar Orkuveitu Reykjavíkur vegna þess að við höfum haft áhyggjur af því að þessi uppskipting væri óhagkvæm og óskynsamleg og styðjast við rök sem tengjast íslenskum veruleika harla lítið.

Uppskiptingin hefur hinsvegar gengið í gegn hjá öðrum orkufyrirtækjum og ef lesin eru álit nefnda Alþingis við beiðni okkar seint á síðasta ári að þá er alls ekki hægt að slá því föstu að frekari frestur, hvað þá að horfið verði frá kröfu um uppskiptingu, verði niðurstaðan en þessi drög að niðurstöðu hagfræðistofnunar sem verður kynnt í eigendanevndinni og hefur hún hana sem trúnaðarmál núna í þessa viku til þess að spyrja frekari spurninga eða gera athugasemdir þannig að tíðinda af því getur verið að vænta á næstu vikum. En uppskiptingin er mjög mikið verkefni ef í hana á að ráðast og ef það á að nást og jafnframt halda lánardrottnum fyrirtækisins upplýstum um það, þá verður að nýta tímann vel til áramóta. Jafnframt mun leiða af eigendastefnu og þessu að gera breytingar á samstarfssamningi og öðrum formlegum skjölum og það tekur líka einhvern tíma en vonandi er hægt að stefna að því að eigendastefna liggja fyrir til samþykktar hjá sveitarstjórnnum fyrir áramót ásamt nauðsynlegum formlegum gjörningum og ég á von á því að ef einhver tíðindi verða varðandi uppskiptingarmálin, að þá munum við taka þau mál hér til umræðu ásamt auðvitað umræðu í borgarráði um þau efni.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Líkt og aðrir sem hafa tekið hér til máls í dag vil ég bjóða félagsráðgjafa velkomna á pallana til okkar, þó ekki sé tilefnið ánægjulegt, og ég vil líka óska eftir því og við tökum það sjálfsagt til umræðu á næsta fundi borgarráðs að farið verði aðeins yfir þetta mál er þessu tengist, það var gert utan dagskrár á síðasta fundi borgarráðs en það vekur aðeins furðu miðað við svörin sem þar voru gefin að enn sé staðan þannig að félagsráðgjafar telji sig nauðbeygða til þess að mæta hingað á pallana til okkar, þannig að við munum að sjálfsögðu óska eftir frekari umræðu og skýringum þar á en ég óska þeim velfarnaðar í sínum mikilvægu störfum og þeirri baráttu sem er í gangi hjá þeim. Og ég held að við vitum öll, alveg sama þó að þessar mikilvægu starfsstéttir okkar skynji það kannski ekki á hverjum degi og finnist þær ekki skynja það nægilega oft, þá held ég að við þekkjum öll, sérstaklega í því árferði sem hefur verið hér undanfarin ár, og ég segi það sem fyrrverandi borgarstjóri, að þá er ómetanlegt að vita af þessum hópi sem gerði svo margt til þess að tryggja það að hlutirnir gengju betur fyrir sig heldur en þá gerði og gengju eins vel fyrir sig og raun ber vitni. Þannig að innilegar þakkir fyrir það aftur.

En vegna Orkuveitu Reykjavíkur vil ég byrja á því að þakka formanni hópsins sem fór hér ágætlega yfir þau drög sem hér liggja frammi að eigendastefnunni og það er rétt hjá borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að ég held að inni í eigendaneftndinni hafi verið unnið gott starf. Það byggir auðvitað á starfi sem var að hluta til til staðar frá síðasta kjörtímabili en það breytir engu þar um að það hefur verið haldið áfram með þann kyndil og mér finnst að þrátt fyrir að tímaramminn, við höfum ekki alveg náð kannski að vinna innan hans, þetta hefur tekið lengri tíma en ég held að við höfum átt von á, en það eru ákveðnar ástæður fyrir því og ég held að það hafi ekki skaðað verkefnið heldur styrkt það og ég held að við höfum gefið okkur ákveðinn tíma til dæmis til að fara í gegnum þessa umræðu þrátt fyrir mikið umrót í rekstri Orkuveitunnar og kannski einmitt þess vegna hefur okkur tekist að ramma hlutina inn án þess að það hafi verið mikill ágreiningur þar um. Auðvitað erum við ekki sammála um ákveðna þætti en við erum þó sammála um ákveðin grundvallaratriði og ég segi aftur eins og ég hef

Bstj. 20. september 2011

sagt hér oft áður í þessum sal að ég held að það sé einstakt tækifæri í Borgarstjórn Reykjavíkur hér í dag að nýta sameiginlegan skilning okkar á hlutverki Orkuveitunnar og ég held að það sé tækifæri sem við eigum að grípa og megum alls ekki glata í einhverjum pólitískum leik enda held ég að það sé lykillinn að því að koma fyrirtækinu í gegnum verkefnið þannig að ég held að það hafi gengið ágætlega inni í þessum hópi.

Við höfum gefið okkur góðan tíma til þess að fara yfir málin og rætt hverja einustu grein og við höldum líka opinn kynningarfund eins og Dagur B. Eggertsson nefndi þar sem var farið yfir það og var augljóst þar að það er ekki mikill ágreiningur um plaggið sem slíkt, þó það séu einstaka þættir í plagginu sem menn eru enn aðeins að takast á um en ég held að allt í því sé leysanlegt og ég held að við getum samþykkt þessa stefnu eða vænti þess að hún verði samþykkt hér sameiginlega þegar við erum búin að klára þá umræðu sem þarf auðvitað að eiga sér stað áður en við getum lokað því.

Mig langar aðeins að fara í gegnum þessa þætti, ég ætla ekki að staldra lengi við, það var margt af því sem formaður nefndi sem þarf ekki að endurtaka en það eru nokkrir þættir sem mig langar hinsvegar til þess að ítreka sérstaklega með hliðsjón af því sem hefur verið rætt í hópi okkar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þetta verkefni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt, ef við bara fyrst förum í fyrstu greinina um eigendastefnuna, þar er talað um að fyrirtækið skuli annast tiltekna starfsemi í þágu almennings. Ég held að þetta ákvæði sé mikilvægt og skýrt og það er mikilvægt að undirstrika það að verkefnið á einmitt að vera í þágu almennings og einskis annars og kannski eigum við að ganga lengra eins og ég hef nefnt hér áður í þessum sal og óska eftir því að lögum um Orkuveitu Reykjavíkur verði breytt þannig að fyrirtækið geti ekki farið út fyrir tiltekinn ramma. Ég er þeirrar skoðunar að lagaákvæði um fyrirtækið í dag sé of vítt og leyfi fyrirtækinu fjárfestingar á öðrum sviðum, jafnvel áhættufjárfestingar sem fyrirtækið á auðvitað ekki að koma nálægt.

Ég held að með svona skýrri eigendastefnu eins og við erum hér að reyna að vinna að, að þá séum við auðvitað að reyna að skýra hlutverk fyrirtækisins en ekki síður að tryggja aðkomu allra eigenda að ákvörðunum í fyrirtækinu og það er mjög

Bstj. 20. september 2011

brýnt og kemur ágætlega fram í þeim texta sem hér liggur frammi. Það er eitt sem við höfum aðeins rætt í eigendahópnum sem ég vil nefna og er meira til umhugsunar fyrir borgarfulltrúa heldur en einhvers annars og það er það sem fram kemur um það að eigendastefnan sé sáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnnum og staðfestar á eigendafundi. Við höfum aðeins rætt það að það eru auðvitað mjög ólík aðkoma einstakra sveitarfélaga að fyrirtækinu. Eignarhlutur Reykjavíkurborgar er auðvitað margfalt meiri heldur en annarra og við höfum aðeins rætt það hvort þetta sé íþyngjandi fyrir borgina ef það eru mjög skiptar skoðanir en erum hinsvegar á því að eigendastefnan verði að vera þannig að að henni komi allir aðilar þannig að kannski er þetta eins varlegt orðalag og hægt er að hafa það en ég velti því þó upp að það gæti skapast sú staða að með einhverjum hætti skildu leiðir eða áherslur og þá erum við bundin af þessu.

Síðan er það í leiðarljósinu, þar bættum við inn, sem ég held að sé mikilvægt sérstöku ákvæði um að fyrirtækinu beri ekki bara að sýna virðingu gagnvart umhverfinu og nýta auðlindirnar með ábyrgum hætti heldur líka það fjármagn, það skattfé sem fyrirtækið hefur til ráðstöfunar og ekki síður þau gjöld sem almenningur greiðir til fyrirtækisins, að það sé skilyrði um ábyrga nýtingu fjármuna og ég held að það sé gott að það sé komið inn þarna. Síðan eru augljósir þættir um hluti sem eiga að vera auðvitað í gildi hjá stjórn Orkuveitunnar eða hjá stjórnendum Orkuveitunnar eins og hjá öðrum fyrirtækjum, það er talað um samfélagslega ábyrgð og hluti sem eru mikils virði en þó kannski meira virði fyrir Orkuveitunnar heldur en mörg önnur fyrirtæki í samfélaginu vegna þess að Orkuveitan þarf jú að endurvinna traust almennings og útskýra kannski aðeins fyrir almenningi aftur til hvers fyrirtækið er og hvert er mikilvægasta hlutverk þess og þarna er reynt að setja það fram.

Ég held að það sé líka mikilvægt í kaflanum um tilgang og hlutverk, þar sem er talað um að Orkuveita Reykjavíkur sé orku- og veitufyrirtæki. Kannski finnst einhverjum þetta sjálfsagt og óþarfi að setja það fram en það er mikilvægt að setja það fram vegna þess að þetta á auðvitað ekki að vera neitt annað heldur en fyrirtæki sem einbeitir sér að því og það þarf að koma í veg fyrir að það gerist

Bstj. 20. september 2011

aftur eða einhvern tímann að fyrirtækið fari inn á önnur svið nema það sé þá ákvörðun um stefnubreytingu á rekstri fyrirtækisins. Ég vil nefna í þessu sambandi, það fylgir reyndar ekki þessum plöggum en hlýtur að koma til og væri æskilegt örugglega fyrir alla borgarfulltrúa að fá að sjá það að forstjóri fyrirtækisins hefur lagt fram ákveðna kynningu um þetta framtíðarhlutverk fyrirtækisins sem hann kynnti fyrir eigendanefnd á síðasta fundi eigendanefndar, sem mér fannst vera mjög svona góð sýn og sterk framtíðarsýn fyrir fyrirtækið sem ég hvet stjórn og aðra borgarfulltrúa til að kynna sér. Mér fannst forstjórinn vera búinn að nálgast það mjög vel hver væri kjarninn í starfsemi fyrirtækisins og hvernig hann sá komandi ár fyrir sér.

Síðan er farið yfir þessi lögbundnu verkefni fyrirtækisins og sveitarfélagsins í því samhengi og síðan er minnst á eitthvað sem ég vil nefna örstutt og það er varðandi arðsemina. Í kafla 3.1.4 er talað um að Orkuveita Reykjavíkur skuli skila eigendum arði af því fé sem þeir eiga bundið í fyrirtækinu og viðskiptavinum þjónustu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði. Þetta eru hlutir sem ég ætla ekki að fara að taka um einhver átök vegna núna, enda erum við ekki að ræða það beint, en það er auðvitað, ég gæti haldið því fram núna á þessum tímamótum í sögu fyrirtækisins að þjónustan hefði ekki verið á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði á þeim tímum sem við nú lifum, þegar hækkanir hafa verið gríðarlegar, og ég tel að við höfum ekki átt að fara þá leið og hef oft sagt það hér að við hefðum átt að fara hægar í það og halda okkur við þá áætlun sem fyrir lá og síðan er líka hér um það að Orkuveitan skuli skila eigendum arði af því fé.

Að sjálfsögðu skal Orkuveitan skila eigendum sínum, sem eru borgarbúar, arði af því fé sem þeir taka áhættu af en við höfum aðeins tekist á um það með hvaða hætti það er best gert, hvort það á að taka mið af afkomu fyrirtækisins, það hefur ekki verið þannig í gegnum tíðina, og líka hvort á að gefa fyrirtækinu afslátt af afgangi eða arði á sama tíma og það er augljóst að hægt er að hagræða meira í fyrirtækinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að fyrirtækið skuli fyrst, áður en það fer að sleppa því að greiða eigendum sínum sjálfsagt afgang, þá skuli það vera á sama stað í rekstri og eðlilegt er að opinber fyrirtæki séu en ekki augljóslega á þeim stað að hægt er að hagræða meira. Ekki þar fyrir að það hefur verið tekið til í mörgu

Bstj. 20. september 2011

Þar núna, ekki bara á undanfögnu ári heldur á undanfögnu 3-4 árum, sem er auðvitað vel.

Síðan er farið yfir rekstrarformið og ég vil aðeins staldra við punkt sem hefur verið nokkuð ræddur hér áður og hefur verið mikið ræddur inni í eigendanevndinni og það er kjarnastarfsemin. Þar er farið yfir það að kjarnastarfsemin skuli felast í vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fráveitu, allt sjálfsagt og eðlilegt og ég held að við séum öll sammála um, svo kemur blessað orðið sem oft er rifist um og það er gagnaveitan, öðru nafni Lína.net. Ég tel að þetta orð eigi að fara út úr þessum kafla og kjarnastarfsemin skuli ekki innibera gagnaveituna heldur skuli fyrirtækið hverfa aftur til uppruna síns ef svo má segja og viðbótarverkefni sem engin sátt var um og hafa aldrei verið skilgreind sem kjarnaverkefni sveitarfélags, þá skulum við ekki bæta þeim þarna inn í kjarnastarfsemina. En við eigum eftir að ræða það betur. Við vitum auðvitað að þetta er inni í áætlunum félagsins um sölu eigna, er sala á gagnaveitunni þó það sé hárrétt eins og til dæmis borgarfulltrúi Vinstri grænna hefur bent á að það hefur ekki verið samþykkt að Orkuveitan skuli losa sig við gagnaveituna en það er hinsvegar á þessum sölulista og ég held að það sé mikilvægt að við förum að taka ákvörðun um hvernig á að halda á því og ég er semsagt, eins og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þeirrar skoðunar að menn skuli losa um þetta fé og losa sig við þessa starfsemi.

Síðan er ég aðeins hugsu yfir því að þarna er talað um, og við höfum líka mikið rætt það og forstjóri fyrirtækisins gerði það að umtalsefni í þeim fyrirlestri sem ég vísaði til áðan sem mér fannst mjög góður hjá forstjóranum, að hér er talað um að við séum í sölu á öllum þessum þáttum og sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni og svo framvegis, en hér er ekki talað um hvort sú sala á í framtíðinni einungis að vera til notenda á athafnasvæði Orkuveitu Reykjavíkur eða til stórnotenda. Ég er þeirrar skoðunar að það verði ekki hægt að minnka efnahagsreikning Orkuveitunnar og ná böndum á fyrirtækið, sem nú til dæmis skuldar margfalt það sem Reykjavíkurborg veltir á hverju ári, þannig að efnahagsreikningur fyrirtækisins er einfaldlega alltof stór fyrir Reykjavíkurborg og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að ræða það með opnum hug hvort það sé yfirleitt hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur að selja orku til stórnotenda.

Bstj. 20. september 2011

Ég hefði viljað staldra aðeins við það þarna en kannski er það of stór ákvörðun til þess að við getum tekið hana inn í þessari umræðu, það er að segja varðandi þessa eigendastefnu, en ég hef sagt það hér áður að það er mín skoðun að rammi fyrirtækisins skuli vera mun þrengri heldur en hann er og hann skuli fyrst og síðast einbeita sér að því að selja íbúum þessa hluti en ekki að vera á markaði og vera að selja til stórnotenda. Ég held að án þess að við gerum það þá náum við ekki að skala fyrirtækið niður í það að Reykjavíkurborg geti verið ábyrgðaraðili fyrir það. Reykjavíkurborg er einfaldlega ekki nógu stór til þess að bera allt það sem Orkuveitan er og þess vegna verðum við að mínu mati að taka miklu dýpra í árinna heldur en þarna er gert.

Síðan er það starfssvæði Orkuveitunnar sem líka einhver gæti sagt að væri sjálfgefið en er það sannarlega ekki. Það er mikilvægt að taka það fram hér að starfsemi Orkuveitunnar er á þeim hluta sem hér er nefndur, sem er Suðvesturlandið, og í raun og veru næstum því þyrftum við að taka það fram að það sé ekki annarsstaðar því hluti af vandræðum Orkuveitunnar er að hún hefur talið sig þurfa að vera að færa út kvíarnar, jafnvel til annarra landa, og það er ekki hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur, þannig að það er gott að taka það fram hér. Síðan er talað um þessa þætti sem augljósir eru og mikilvægir, eins og ráðdeild í meðferð fjármuna og svo framvegis, það þarf ekki að fara ítarlega yfir það, það er talað hér um ákveðna mælikvarða sem horfa þarf til. Svo er talað um það sem ég nefndi áðan sem eru arðgreiðslur til eigenda sem skulu hverju sinni byggja á afkomu fyrirtækisins. Ég er aðeins hugsu yfir því hvort við eigum að gera þetta með þessum hætti. Síðustu samningar við Orkuveituna byggðust ekki á þessu heldur fastri tölu. Það má vel vera að reynslan segi okkur að það hefði verið betra að við hefðum notið þess meira þegar fyrirtækið bjó við betri hag en ég held að við þurfum svona aðeins kröftugri umræðu um það og við förum sjálfsagt yfir það í eigendaneftinni og okkar á milli.

Síðan er það áhættustefna sem ég fagna mjög að sé sett inn í plaggið, held að það sé ótrúlega mikilvægt, og sérstaklega vil ég fagna því að þarna er talað um að Orkuveitu Reykjavíkur ber almennt að fjármagna framkvæmdir í sama gjaldmiðli og væntanlegar tekjur þeirra. Þetta er auðvitað umræða sem hefur átt sér stað lengi

Bstj. 20. september 2011

á vettvangi Orkuveitu Reykjavíkur og ég ætla ekki að fella dóm um það að stefnan hafi verið röng en ég held að hún hefði getað verið varkárari og ég held að það sé mikilvægt að fyrirtækið farið öflugt í gang með þessa áhættugreiningu. Við auðvitað gerðum þetta á síðasta kjörtímabili, borgin, það er að segja fyrir Orkuveituna sem meira að segja taldi ekki að lánin gætu gjaldfallið en í ljós kom auðvitað í áhættugreiningu borgarinnar, þá kom annað í ljós, því miður, það var hægt að gjaldfella lánin á Orkuveituna en allir þessir þættir eru nauðsynlegir og ég held að það sé gott að Orkuveitan fari skynsamlega yfir þetta.

Síðan koma hlutir sem við getum tekist hér lengi á um en eru svosem ekki átakamál, það þarf bara að gera það vel, það er um hvaða skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur skuli koma til samþykktar fyrir eigendur, hvort það skuli vera 5%, 4% eða hvað það er. Ég held að það sé alveg allavega ljóst að það má alls ekki vera hærri tala heldur en 5%, við þurfum bara að velta fyrir okkur hvaða tala er best í þessu samhengi. Svo eru það ýmis tækniatriði sem ég ætla ekki að staldra neitt sérstaklega lengi við. Ég held hinsvegar að það sé mikilvægt sem kemur fram í umboði og valdmörk, sem er 5. kaflinn, og fjallar um það með hvaða hætti fyrirtækið skal vera til umfjöllunar hjá eigendum sínum, það er að segja á vettvangi sveitarstjórna og okkar fundum, og ég held að það sé mjög mikilvægt að við tryggjum það að það gerist aldrei aftur og Orkuveita Reykjavíkur verði einhverskonar ríki í ríkinu eins og stundum hefur verið talað um, einhverskonar power-base sem lifir dálítið sjálfstæðu lífi. Mér finnst að margar setningar í þessum kafla hér séu einmitt til þess að koma í veg fyrir slíkt og ég fagna því.

Ekkert annað var sérstaklega rætt hér á þessum næstu blaðsíðum en ég vil hinsvegar áréttta það að það er mjög mikilvægt og þarf að tryggja það þegar talað er um upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa, að það sé þar inni heimild kjörinna fulltrúa til þess að fá upplýsingar um fyrirtækið án þess að það fari allt í gegnum mjög flókið ferli. Ég skil alveg ef það eru ákvarðanir er varða einhverja sérstaka hagsmuni eða ef það er mjög kostnaðarsamt að draga þá hluti saman eða kostar mikla vinnu, að þá þurfi að ræða það inni í stjórn eða inni í bæjar- eða borgarráðum, en það verður að tryggja, og ég er ekki alveg viss um að það sé nægilega vel gert hér í þessum texta okkar, við höfum líka rætt þetta á fundum

Bstj. 20. september 2011

eigendanevndarinnar, að það þarf að skerpa á því að kjörnum fulltrúum líði þannig gagnvart fyrirtækinu að þeir fái þar auðveldan og eðlilegan aðgang að upplýsingum. Við þurfum að gæta þess að það eigi ekki bara við um framkvæmdastjóra sveitarfélaganna heldur líka aðra sem fara auðvitað með ábyrgð er varðar rekstur þessa blessaða fyrirtækis.

Síðan eru hér líka mikilvægir en eðlilegir kaflar um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skuli tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum og öðrum starfskjörum og setja fyrirtækinu starfskjarastefnu. Laun stjórnenda skulu standast samanburð, segir hér orðrétt með leyfi forseta, við sambærileg störf þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Launakjör stjórnenda og annars starfsfólks Orkuveitu Reykjavíkur skulu ekki vera leiðandi á vinnumarkaði. Ég held að þetta sé mikilvægt, það hefur reyndar margt breyst í þessum málum frá árinu 2008 hjá Orkuveitu Reykjavíkur en á þeim tíma fullyrði ég og fékk um það ýmis gögn á sínum tíma að launakjör þar voru ekki í samræmi við launakjör til dæmis hjá Reykjavíkurborg og þau voru í mjög mörgum tilvikum hærri, ég tala ekki um í stjórnendalaginu þar sem laun voru einfaldlega ekki í samræmi við það sem gerðist annarsstaðar á opinberum markaði. Og þá er það aftur þessi togstreita sem hefur verið í Orkuveitunni um það hvort hún er einkafyrirtæki eða opinbert fyrirtæki; hún er opinbert fyrirtæki og launakjörin verða að taka mið af því og það hefur ekki verið eðlilegt hvernig hefur verið haldið á þeim málum í gegnum tíðina og var löngu kominn tími til að taka kröftuglega á því og ég fagna því að núverandi meirihluti hefur haldið þeirri vinnu áfram, enda er ekki sanngirni í því.

Síðan kemur atriði sem kannski hefur, virðulegur forseti, mest verið, ég segi ekki tekist á um en mest verið rætt á vettvangi eigendanevndarinnar og einnig á þeim opna fundi sem formaður vísaði hér til hjá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem rætt var um hvort stjórnarmenn skuli vera það sem kallað er hér óháðir, það er að segja skuli hvorki vera fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda né handhafar eigendavalds og skuli ekki þar af leiðandi vera kjörnir fulltrúar eða hvort þeir skuli einvörðungu vera kjörnir fulltrúar. Um þetta hefur verið talsvert rætt og við höfum fengið til okkar ákveðna sérfræðinga sem til dæmis hafa mælt fyrir því, eins og Bryndís

Bstj. 20. september 2011

Hlöðversdóttir, sem er stjórnarformaður Landsvirkjunar, sem hefur mælt með því að stjórnarmenn í þessum fyrirtækjum séu það sem kallað er óháðir stjórnámálum. Með fullri virðingu fyrir Bryndísi Hlöðversdóttur og fleirum, þá veit ég ekki alveg hvort menn myndu skilgreina fólk sem hefur verið öflugir þátttakendur í stjórnámálum eða er augljóslega skipað af ákveðnum pólitískum aðilum, þótt það komi ekki beint úr stjórnámálum, sé óháð. Ég held að við séum dálítið að breiða yfir eitthvað sem við vitum öll að er ekki þannig.

Ef Sjálfstæðisflokkur, Besti flokkur, Samfylkingin, Vinstri grænir eða hverjir það eru, skipa fulltrúa, því þeir eiga að skipa fulltrúa í stjórnina, sem þessir fulltrúar eigenda, það er að segja fulltrúar íbúa, þegar þeir skipa fulltrúa í stjórnina, þá er það augljóslega fulltrúi stjórnámálflokks, hvort sem viðkomandi aðili er kjörinn fulltrúi eða kemur einhversstaðar utan úr atvinnulífinu eða úr öðrum hornum í samfélaginu. Hann er samt sem áður fulltrúi stjórnámálflokks og mér finnst ekki rétt að nálgast það þannig að það séu óbundnir aðilar gagnvart pólitíkinni og séu faglegir. Mér finnst miklu edlilegra að líta til þess að þessir aðilar sem sitja í stjórninni verða líka að bera ábyrgð gagnvart eigendum, það er að segja íbúum, og þess vegna er það ekkert lakara að þeir séu úr hópi kjörinna fulltrúa.

Við höfum bæði góða og slæma reynslu af Orkuveitu Reykjavíkur, hvort sem menn hafa verið kjörnir fulltrúar eða það sem kallað er óháðir, en hafa auðvitað líka verið tengdir stjórnámálum. Þannig að ég held að það væri langfarsælast fyrir okkur í staðinn fyrir að vera að takast á um þetta, að veita hverjum fulltrúa eigenda, það er að segja hverjum fulltrúa stjórnámálflokkanna, val um það hvaða leið þeir sjálfir fara. Vilji ákveðinn flokkur skipa einstakling utan úr atvinnulífinu eða úr fræðasamfélaginu, þá er það þeim frjálst, þá geta menn gert það, en menn geta líka skipað úr sínum eigin hópi og ég segi það sem allavega reynslu mína af verkefnum Orkuveitu Reykjavíkur að ég tel það farsælla. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að stjórn Orkuveitunnar sé í góðu sambandi við kjörna fulltrúa sem þurfa að verja fyrirtækið og standa vörð um það og útskýra fyrir almenningi hvers vegna það er rekið með hinum eða þessum hætti, allavega á meðan fyrirtækið er svona alltof, alltof fyrirferðarmikið í okkar lýðræðislegu umræðu, þá verður það að vera þannig. Ég hef hinsvegar ekkert á móti því að aðrir geri það öðruvísi,

Bstj. 20. september 2011

Þannig að ég hef áður lagt það til, hér í drögum er bara lögð til leið a, sem er að þetta skuli ekki vera fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, og svo b um að þetta skuli einungis þannig fulltrúar, en ég hef lagt til, við getum kallað það leið c eða þá leið að um þetta hafi hver og einn sjálfðæmi og geti valið hvernig hann telur best að halda á því og hann getur þá svarað fyrir það eða vegna þess til sinna umbjóðenda. Ég heyrði það á fundinum í Orkuveitu Reykjavíkur að þessa leið voru mjög margir sáttir við að fara, ekki síst kannski þeir sem koma úr hinum sveitarfélögum og ég legg til að við breytum þessu þannig þegar við vinnum plaggið í lokin að við förum bil beggja í þessu og tryggjum að ... Og þá líka er stjórnin blönduð og það þarf ekki að vera neitt verra heldur en að þetta sé annað hvort eða.

Síðan vildi ég nefna það svona í lokin, það er talað hér um formann stjórnar og ábyrgð hans gagnvart stjórnarmönnum, allt ágætt um það að segja, en í þessu sambandi hljótum við reyndar að fara að skoða það hvort starfsár formannsins sem nú er, sem talað var um á sínum tíma og var nokkur ágreiningur um í þessum sal, en talað var um að skyldi vera þar tímabundið eða í eitt ár, ég fæ ekki betur séð en að það ár sé liðið og menn hljóta að fara að svara því hvort er ekki eðlilegt og rétt að sá aðili sé tekinn af þeim launum sem hann hefur verið á núna í, hvað, tæpt eitt og hálf ár, hvort það sé ekki kominn tími til þess að fara aftur á þann stað að stjórnarmenn njóti nokkurs jafnræðis og hvort það sé ekki löngu orðið ljóst að með ráðningu nýs forstjóra og með þeim stöðugleika sem þá hefur komist á í kringum fyrirtækið, að það nægi. Og ég vona að menn séu ekki að fara að leggja það til hér að það verði varanleg leið að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur sé í fullu starfi, vegna þess að þá er það einmitt að gerast sem við erum að reyna að forðast, að fyrirtækið verður ríki í ríkinu og aftur verður þessi aðstaða og það að vera stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur orðið eitthvað power-base í reykvískri pólitík, sem ég held að við eigum að forðast. Þannig að ég hvet til þess að menn taki það aftur á þann stað og vinni með það með sama hætti og er unnið með Faxaflóahafnir og önnur fyrirtæki eða Strætó eða hvað það er.

Síðan vildi ég nefna örstutt varðandi dótturfélög, það eru ágætisákvæði hér, en ég held reyndar að við eigum að ganga lengra. Að í ljósi reynslunnar af slíkum

Bstj. 20. september 2011

stofnunum dótturfélaga sem stundum hafa jafnvel gengið í gegn án þess að eigendur væru vel upplýstir um það, að þá eigi ekki stjórnin að hafa heimild til þess að stofna dótturfélög án þess að það sé rætt hjá eigendum, án þess að eigendur séu um það upplýstir. Það kemur ekki fram í eigendastefnunni en ég myndi vilja að við myndum allavega ræða það og skoða það. Síðan er það að lokum, þá er það víða í plagginu, ég hef áður nefnt þetta á fundum, þannig að menn þekkja það sem sitja með mér í þessum hópi, að það er ítrekað talað um það að stjórn skal upplýsa eigendur um óvenjuleg eða veigamikil atriði í rekstri, það er oft talað um þetta og líka að kjörnir fulltrúar megi fá upplýsingar ef það er um óvenjuleg eða veigamikil atriði í rekstri að ræða. Það er mjög erfitt að skilgreina hvað er átt við nákvæmlega hér með óvenjulegu eða veigamiklu og gæti eiginlega kallað á ólíkar skilgreiningar á því. Ég er ekki með tillögu að textabreytingu en varpa því upp að við þurfum að skoða það.

Að öðru leyti held ég, virðulegur forseti, að grunnurinn að þessu plaggi sé góður. Hann hefur tekið dálítinn tíma, hann hefur farið í gegnum hendurnar og fyrir augu mjög margra pólitískra fulltrúa en líka margra embættismanna og margra fagaðila og ég held að það sé þess vegna sem hér er komið plagg sem að ég vænti að við getum náð ágætri sátt um og ég held að við gerum það og ég held að ef við leysum þetta mál er tengist til dæmis stjórnarmönnum og ákveðnum þáttum er varða rekstur fyrirtækisins og varða fjármálalega ábyrgð og aðra þætti sem ég hef nefnt hér, þá held ég að við ættum að geta komist að niðurstöðu og ég held að það sé líka mikilvægt í öllu þessu að við lærum af reynslunni, af reynslunni sem þetta fyrirtæki hefur að sumu leyti, auðvitað mörg góð reynsla tengd þessu fyrirtæki en oftast en ekki hefur það nú verið tilefni átaka hér á þessum vettvangi og minn draumur er sá að á einhverjum tímamarki, arftakar okkar í þessum sal geti eytt meiri tíma í að tala um leikskólamál, velferðarmál, menntamál, skipulagsmál, samgöngumál og málefni borgarinnar heldur en stöðuga umræðu um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur sem á auðvitað bara að vera fyrirtæki sem þjónustar okkur en á ekki að fá hér alla þá orku og umfjöllun sem þetta hefur fengið í gegnum tíðina. Við vorum ekki kosin til þess að reka Orkuveitu Reykjavíkur, við vorum kosin til þess að reka Reykjavíkurborg og gera góða hluti fyrir íbúa og þetta fyrirtæki verður að standa sig í því verkefni en mun fyrst og síðast gera það ef það

Bstj. 20. september 2011

er trútt sinni kjarnastarfsemi og því sem það á að gera en lætur önnur verkefni vera í höndum annarra, þá held ég að þetta leysist vel. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður að ég held að í þessari borgarstjórn sem hér er og sú afstaða sem hér er ráðandi geri það að verkum að við getum gert góða hluti fyrir þetta fyrirtæki.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu ... Já, fyrirgefið þið, borgarstjóri hefur óskað eftir orðinu.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu. Mig langaði hér út af athugasemd borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að varðandi stjórnarformann í fullu starfi, að þá hefur téður stjórnarformaður látið af störfum frá og með 1. júní sl. eða í lok maí og var þá búinn að vera í hálfu starfi frá því í mars. Þannig að þetta er ekki lengur í gildi. Ég vildi bara koma þessu á framfæri. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir óskað eftir því að svara andsvari.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég bara þakka fyrir svörin og finnst gott að heyra að þessu hefur verið breytt. Ég hinsvegar kem þá aftur að því sem ég nefndi áðan, ég er hér búin að vera að tala við stjórnarmenn í stjórn Orkuveitunnar, þeim er ekki fullkunnugt um að svona hafi þetta verið, hvað þá að borgarfulltrúum sé kunnugt um það, þannig að aftur komum við að því sem hefur verið alltof ríkjandi í þessu fyrirtæki, ekki þar fyrir að ég er ánægð með svörin en við þurfum að gæta þess held ég að við séum skýrari í því og að það liggja klárt fyrir. Þetta hefur til dæmis ekki verið upplýst, allavega ekki gagnvart minnihlutanum, ég er að heyra þetta í fyrsta skipti núna, en ég fagna því og finnst eðlilegt að það hafi verið á því með þessum hætti og hefði talið óeðlilegt ef hann væri ennþá í fullu starfi miðað við það sem upphaflega var lagt upp með.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að svara andsvari, þá veitir andsvar Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki mikið að blanda mér í þessar umræður um starfandi stjórnarformenn eða stjórnarformann í fullu starfi en tek undir svona ákveðna undrun með það, ef þetta hefur verið áhyggjuefni, að fólk hafi ekki fylgst með þessu vegna þess að þessi ráðning var tímabundin í upphafi og hefði þurft að framlengja á síðasta aðalfundi félagsins sem var ekki gert og eins og borgarstjóri upplýsti hafði stjórnarformaður þá um nokkurra mánaða skeið, eða öllu heldur frá því að fimm ára áætlun lá fyrir, ekki verið í fullu starfi.

En ég kom hér fyrst og fremst upp til að nefna það að mér fannst aðeins gæta svona misskilnings eða borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir blanda saman því hvort einhver hafi tengst einhvern tímann pólitík eða sé í pólitísku umboði inni í stjórn fyrirtækis á borð við Orkuveituna og hins vegar þess sem verið er að tala um hér varðandi hæfisreglur þegar stjórnarmenn eru annarsvegar. Það sem hér er verið að gera er fyrst og fremst að kynna til sögunnar þá hugsun að sami einstaklingur sé ekki jafnframt í sveitarstjórn og inni í stjórn þessa fyrirtækis því þá er hann að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það geta verið prýðilegir fulltrúar með bæði reynslu og bakgrunn úr stjórnámálum, nú eða viðskiptum eða verið trúnaðarmenn stjórnámálaflokka eða ekki sem taka sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur en prinsippið er að það séu ekki sömu einstaklingar í sveitarstjórn og í stjórn fyrirtækisins út frá þeirri hugsun sem meirihlutinn hefur kynnt til sögunnar varðandi ábyrgðarskiptingu og mismunandi hlutverk. Það snýst ekki um það hvort einhver sé kosinn pólitískt því við tilnefnum jú stjórnarmennina, þeir eru í þeim skilningi alltaf pólitískir. Þetta snýst um það hvort það séu mismunandi einstaklingar að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það er ekki gott.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þekki þessa umræðu ágætlega og ég held að Dagur B. Eggertsson viti það alveg, við höfum tekið þessa umræðu oft, en ef þetta á að eiga við um stjórnarmenn í Orkuveitu Reykjavíkur, að þeir skuli ekki hafa eftirlit með sjálfum sér eins og borgarfulltrúinn orðar það, nú þá verðum við að taka það miklu lengra. Þá verðum við að ræða það ekki bara fyrir Orkuveitu Reykjavíkur heldur fyrir önnur fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafnir, Sorpu, Strætó og aðra hluti, þá þurfum við að ræða það líka og þá þyrftum við líka jafnvel að ræða það um þá aðila sem sitja í skipulagsráði og taka þar ákvarðanir og þeir taka sömu ákvarðanir í borgarráði. Þannig að þá er alveg sama umræða þar. Við skulum alveg taka þá umræðu en þá skulum við líka taka hana alltumlykjandi en ekki bara velja út eitt fyrirtæki. Þá komum við inn á miklu fleiri hluti vegna þess að það er þannig að við tökum ákvarðanir inni í ákveðnum fyrirtækjum eða fagráðum og botnum þær síðan oft í borgarráði og hér í borgarstjórn. Þannig að það á þá við um allar okkar fyrri ákvarðanir líka þannig að ég sé ekki alveg að þetta gangi upp en ég held hinsvegar, og ég ítreka það, ég er ekki á móti því að fulltrúi sé skipaður sem er utan framboðslista. Ég tel bara að það eigi að vera val hvers framboðs fyrir sig en ég er ekki á móti því og get alveg séð kostina í því eins og í hinu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að svara andsvari, þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Nefndir borgarinnar fara með stefnumarkandi hlutverk. Þar er pólitík og þess vegna sitja þar stjórnámálamenn. Byggðasamlög eru búin til til þess að halda utan um tiltekin skylduverkefni sveitarstjórna. Þar er jafnframt gert ráð fyrir tiltekinni stefnumörkun sem er pólitík og þess vegna hefur víða verið farin sú leið á Norðurlöndum að þar sitji stjórnámálamenn. Orku- og veitufyrirtæki geta verið stefnumarkandi ef sveitarstjórnin er búin að úthýsa stefnumótuninni til viðkomandi stjórna og þá er hægt að færa rök fyrir því að ekki sé hægt að víkja frá því að þar inni í stjórnnum sitji stjórnámálamenn. Það sem hér er til umræðu er að á grundvelli eigendastefnu sem er skýr og leikreglna þar sem stefnumarkandi ákvarðanir á sviði Orkuveitunnar koma til kasta sveitarstjórnarinnar, þá er búið að búa til umhverfi þar sem er hægt að aðskilja þessi hlutverk, það er að segja rekstrarhlutverkið, rekstur fyrirtækisins, og hinsvegar pólitíkina og ég held að reynslan af Orkuveitu Reykjavíkur sýni að það er betra að aðskilja þessi tvö hlutverk. Annarsvegar pólitíkina og jafnvel pólitíska slaginn og hinsvegar reksturinn og ákvarðanir sem þarf að taka inni í fyrirtækinu og af stjórn fyrirtækisins. Og þess vegna erum við að ræða þetta í þessu samhengi.

Það mun ekkert standa á okkur að ræða þetta varðandi einstaka önnur fyrirtæki en þó er það þannig til dæmis með Faxaflóahafnir að þar fer stjórnin líka með veigamikilið frumkvæðis- og mál sem lúta að skipulagi hafnarsvæða sem er auðvitað mjög pólitískt verkefni í eðli sínu og þess vegna hafa verið þar stjórnámálamenn og verða enn á meðan það fyrirkomulag er.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kem hérna með tölvuna þar sem prentarinn virðist vera eitthvað bilaður. Mig langar til þess að byrja á að ræða aðeins þessar upplýsingar sem eru að koma hér fram í fyrsta skipti og eru mér nokkuð undrunarefni sem sitjandi í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, að stjórnarformaðurinn skuli hafa verið í hálfu starfi frá því í mars og verandi þá á hefðbundnum stjórnarformannslaunum frá og með síðasta aðalfundi. Það er þannig að á síðasta aðalfundi var samþykkt réttilega, eins og hér hefur komið fram, laun eða þóknun fyrir stjórnina en sú þóknun er ákveðin afturábak, afturvirk. Þóknunin er ákveðin á aðalfundi hvert ár fyrir árið á undan þannig að sú þóknun sem þarna kom fram og var semsagt samþykkt hún ætti í rauninni að virka þannig, að stjórnarformaðurinn hafi verið á tvöföldum stjórnarformannslaunum allt síðasta ár, en ekki þeim launum sem hann var í raun og veru á. Þannig að ef að við ættum að fara eftir bókstafnum að þá ætti stjórnarformaðurinn að endurgreiða stóran hluta af þeim launum sem hann hefur þegið frá Orkuveitu Reykjavíkur. Burt séð frá því, þá finnst mér það mjög einkennilegt að heyra það hér, þann 20. september í sal Borgarstjórnar Reykjavíkur, að stjórnarformaðurinn hafi verið í hálfu starfi frá 1. mars. Mig langar til þess að vita og ég óska eftir því að borgarstjóri svari mér því hér og nú, hvar sú ákvörðun var tekin og af hverju að hún hefur ekki verið kynnt, hvorki stjórn, borgarráði eða öðrum eigendum fyrirtækisins. Ég bara óska eftir því að hann segi mér frá því og okkur hér á eftir.

En svo ég færi mig nú yfir í eigendastefnuna sem að hér er til umræðu og þetta varðar svo sem líka, að þá liggja þessi drög fyrir eins og hér hefur komið fram og ég held að þessi drög séu í meginatriðum góð og hafi verið talsvert vel unnin. Það hafi allir eigendur komið að þessari stefnu og það hafi verið talsvert mikið samráð haft við þá sem að máli skipta. Drögin eru afrakstur málamiðlana og allir hafa þurft að gefa eitthvað eftir, enþá standa nokkur atriði út af borðinu sem á eftir að útkljá, en ég held þó eins og drögin eru núna að þá ættu allir flokkar og allir eigendur að geta unað nokkuð sáttir við. Og það skiptir mjög miklu máli að við náum að útkljá þau atriði sem við erum ekki sammála um núna og þessi tvö sýnist

Bstj. 20. september 2011

mér vera, annars vegar hæfi stjórnarmanna og kjör í stjórnina og hins vegar um Gagnaveitu Reykjavíkur vegna þess að það er mjög mikilvægt að fólk geti reitt sig á að þessi stefna sé eitthvað sem að komi til með að gilda áfram en verði ekki tekin U-beygja með eftir að minnsta kosti tvö og hálf ár ef að ekki fyrr ef að breytingar verða á meirihlutaskipun.

Nú, við Vinstri græn erum talsvert ánægð með þessa stefnu og teljum að hún hljómi bara ágætlega í samanburði við þá stefnu sem að við höfum haft. Kjarnastarfsemin eins og hún er skilgreind í stefnunni er mér að skapi sér í lagi vegna þess að þar er Gagnaveitan inni, þó ég viti að einhverjir séu mér ekki sammála mér þar. Það er nefnilega að mínu mati þannig að það sem ekki má verða gjaldþrota eða það sem ekki má leggjast af þarf að vera í opinberum rekstri. Við getum ekki verið án vatnsveitu, við getum ekki verið án hitaveitu, við getum ekki verið án rafveitu, við getum ekki verið án fráveitu og framleiðsla á rafmagni má ekki stöðvast. Þess vegna þarf allt þetta að vera í opinberri eigu og á forræði almennings. Þó að það séu þau áhöld um Gagnaveitu Reykjavíkur mikilvægi hennar og grunnhlutverk að þá er það nú bara þannig að aðgengið að upplýsingum í því samfélagi sem við lifum í í dag er ekkert síður mikilvægt heldur en aðgangur að heitu og köldu vatni eða fráveitu. Upplýsingar eru mjög mikilvægar og við fáum upplýsingar í gegnum internetið. Þannig að það sem kann að hafa virst tiltölulega brjáláð á sínum tíma þegar að farið var út í þessar framkvæmdir og ákveðið að hefja þær – það er ekki brjáláð í dag. Samfélagið krefst þess að allir hafi aðgang að þessum nútíma upplýsingaveitum. Og það er alveg ljóst að ef að þetta fer í hendur einkaaðila að þá mun arðsemi verða að viðmiði en ekki endilega samfélagslegar skyldur og það er alveg ljóst að bóndabæir innst í Borgarfirði til dæmis verða ekkert sérstaklega hagkvæmir í rekstri. En engu að síður að þá teljum við, sem kjörnir fulltrúar almennings, mikilvægt að allir hafi sama aðgengi að þessum upplýsingum. Þess vegna skiptir það máli að við sem að tókum ekki bara arðsemina inn heldur líka jafnræði að við séum þau sem að tókum ákvarðanir, við fulltrúar almennings, líka þeirra sem að búa á afskekktum svæðum að það séum við sem að tókum ákvarðanirnar og þannig verður það aðeins ef að fyrirtækið er í opinberri eigu.

Bstj. 20. september 2011

Auðvitað er eðlilegt að Gagnaveitan sé rekin með sem allra hagkvæmustum hætti og að þessar upplýsingar sem eru fólki mikilvægar að þær séu veittar með sem hagkvæmustum hætti. Þess vegna finnst mér alveg eðlilegt að við skoðum mögulegan samruna við Landsnet eða Mílu eða önnur þau fjarskiptafyrirtæki sem að núna eru í gangi og mér finnst algjörlega sjálfsagt að skoða það hvort að Gagnaveitan megi seljast einhverjum öðrum opinberum aðilum og að þetta geti komið að, eins og segir í bókun meirihlutans frá því að stóraplanið var samþykkt núna 28. mars, og það er vel athugandi að athuga hvort að Gagnaveitan geti verið einhvers konar sameiginlegt grunnnet eða hluti af einhvers konar sameiginlegu grunnneti, en hún verður þó að vera að minnsta kosti að meirihluta til í eigu almennings. Ég tel eðlilegt að hún sé að öllu leyti í eigu almennings, en meirihlutinn hefur þó allavega bókað það að hún skuli vera í meirihlutaeygn almennings.

Því finnst mér svolítið skrytið að við séum að ræða hér trekk í trekk, bæði inni í stjórn Orkuveitunnar, inni í eigendaneftinni og svo hér möguleikann á því að selja Gagnaveituna. Í drögum að eigendastefnu er verið að hnykkja á þeirri skoðun sem að kemur fram í bókun meirihlutans frá því í mars, að Gagnaveitan skuli vera að minnsta kosti í meirihlutaeygu almennings og þess vegna getum við ekki og ég skil ekki af hverju við erum að eyða tíma okkar í það að ræða hér mögulega sölu bara út á markað. Við munum ekki Vinstri græn styðja það og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það.

Nú, þetta aftur á móti setur stóra planið í smá uppnám vegna þess að þar er gert ráð fyrir að selja eignir fyrir að minnsta kosti 10 milljarða. Og við höfum sagt það frá upphafi, við Vinstri græn, að það sé erfitt og kannski ekkert sérstaklega raunhæft að það verði seldar eignir fyrir 10 milljarða nema sala á Gagnaveitunni eða mögulega einhverjum virkjunum verði framkvæmd. Þannig að ég held að það skipti mjög miklu máli án þess að það kannski tilheyri umræðu um eigendastefnuna sem slíka, þá held ég að það skipti mjög miklu máli að við fylgjumst mjög vel með því hvernig eignasalan gengur hjá Orkuveitunni og gerum varúðarráðstafanir og höfum eitthvað plan B, eins og ég hef lagt til alveg frá upphafi ef að salan gengur ekki eftir.

Bstj. 20. september 2011

Nú, í þessari eigendastefnu er ágætis útlistun og mjög miklar úrbætur gerðar á hlutverki ólíkra aðila, eigendahlutverki, stjórnarhlutverki forstjóra. Ábyrgð og hlutverk er tiltölulega skýrt í þessari eigendastefnu sem að ég er mjög sátt við. Það bárust þó ljómandi fínar ábendingar sem ég held að við ættum að taka til mjög alvarlegrar ígrundunar sérstaklega við þennan kafla sem gæti orðið til þess að styrkja og efla lýðræðislega stjórnarhætti og svona hnykkja á rétti almennings. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt til dæmis að skerpa á því að um opinbert fyrirtæki sé að ræða og að Orkuveitan sé í eigu almennings. Þegar að maður les stefnuna yfir með tilliti til þeirra athugasemda sem hafa borist að þá er það ekkert mjög skýrt. Það barst líka ábending um það að 5% eigenda þyrftu að biðja um eigendafund til þess að við því þyrfti að verða og það gerir það að verkum að bara Reykjavíkurborg getur óskað eftir eigendafundum. Mér finnst sú athugasemd mjög góð og ég held að það væri eðlilegt að við förum yfir það og kannski væri eðlilegt að 5% kjörinna fulltrúa í eigendasveitarfélögunum þyrftu að kalla eftir fundi en ekki 5% eigenda, vegna þess að það er þá til þess að bara Reykjavíkurborg getur óskað þess.

Það komu líka mjög góðar ábendingar á fundum með kjörnum fulltrúum í vor uppi í Orkuveitu og núna í aðsendum athugasemdum um að skilgreining á framkvæmdum sem að þurfi samþykki eigenda sé kannski dálítið þröng. Það er alveg sjálfsagt að eigendur fjalli líka um það og taki afstöðu til rannsóknaborana og framkvæmda á seinni stigum eins og bara líka jafnvel framkvæmda sem eru stærri en eru inn á röskuðum svæðum eða svæðum sem að teljast röskuð nú þegar. Ég held að við ættum að endurskoða þetta gaumgæfilega. En þetta er ekki eins og hefur komið hérna fram að þessar athugasemdir eru ekki nein kúvending þetta er ekki í prinsippatriðum á móti neinu sem að kemur fram í stefnunni – þetta eru bara svona áréttingar sem ég held að sé eðlilegt að við tökum mark á. Að sama skapi er ábending um það hvernig við ætlum að bregðast við og hvernig á að reka Orkuveituna nú þegar að Árórsarsamningurinn hefur verið samþykktur – ég held að við ættum að taka smá snúning á því.

Og að lokum tek ég undir með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa sem ég hafði nú bara ekki áttað mig á, að stofnun dótturfélaga og þar með talið sala á

Bstj. 20. september 2011

dótturfélögum eða aflagning dótturfélaga virðist vera mál stjórnar eftir sem áður og ég held að það sé mikilvægt að slíkar ákvarðanir komi til kasta eigenda.

Þá er í rauninni bara eitt eftir og það er umræðan endalausa um hæfi stjórnarmanna og kjör í stjórn. Ég held að við séum búin að ræða það hér ansi oft en ég ætla samt aðeins að hnykkja á minni skoðun hvað það varðar. Það eru raunar þrír kostir í stöðunni, eins og eigendastefnan eða drögin líta út núna það er; að í stjórn sitji bara óháðir fulltrúar eða bara pólitískir fulltrúar eða óskilgreindir fulltrúar, að það sé hverjum og einum flokki, hverju og einu sveitarfélagi í sjálfsvald sett hverjir sitji þarna inni. Að mínu mati þá dregur það úr áhrifamætti almennings ef að þarna sitja óháðir fulltrúar, fulltrúar sem ekki hafa verið kynntir í sveitarstjórnarkosningum, fulltrúar sem almenningur getur ekki búist við að setjist inn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Það að óháðir fulltrúar sitji þarna inni það fjarlægir fyrirtækið enn frekar frá kjörnum fulltrúum og varla má það nú við því. Og það getur líka leitt til þess að samfélagsleg nálgun víki fyrir rekstrarlegri nálgun og fyrirtækið taki aðeins mið af því hvað er hagkvæmt fyrir fyrirtækið en ekki hvað er hagkvæmt fyrir almenning. Og það skiptir mjög miklu máli að fyrirtæki eins og Orkuveita Reykjavíkur sem að leggur grunn að lífsgæðum á þessu svæði að það séu alltaf almannahagsmunir sem að ríki við hverja einustu ákvörðun.

Það sem komið var á hér áðan með eftirlitið að þá er það, eins og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði hérna áðan, að við erum að hafa eftirlit með okkur sjálfum í borgarráði á hverjum einasta fundi. Við erum að hafa eftirlit með okkur vegna skipulagsmála, vegna menntamála og Orkuveita Reykjavíkur er í engu frábrugðin þessu. Orkuveita Reykjavíkur er bara einn hluti af rekstri borgarinnar þó svo að hún sé í fyrirtæki að þá er þetta engu að síður grunnþjónusta sem að þarf að veita og ekkert að því að kjörnir fulltrúar sinni því. Það er nefnilega þannig að í stjórn Orkuveitunnar eru allar ákvarðanir pólitískar, hver ein og einasta og þess vegna skiptir máli að íbúar sveitarfélaganna geti kosið um áherslur og að þeir geti fylgt þeim eftir og að þeir geti vitað við hverju er að búast og þeir geti skipt út fólki ef þeim sýnist svo.

Bstj. 20. september 2011

Stjórnmalafólk getur verið nákvæmlega jafnhæft og óháðir einstaklingar til þess að stjórna Orkuveitu Reykjavíkur. Óháðir einstaklingar geta líka verið nákvæmlega jafn pólitískir og stjórnmalafólk þegar að kemur að ákvörðunum inni í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig að það að kjósa fólk sem ekki er á lista segir okkur ekkert um það hvort að viðkomandi er hæfur eða pólitískur, nákvæmlega ekki neitt. Það er náttúrulega bara fyrst og fremst okkar að vanda valið og virða lýðræðislegar leikreglur og það tel ég að við gerum best með því að hafa þarna inni fólk af listum, fólk sem að borgarbúar geta gert ráð fyrir að setjist inn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Þessu tengt að þá kom ábending frá starfsmanni fyrirtækisins sem ég hef vissa samúð með, þar sem að áherslur starfsfólks voru ítrekaðar frá vinnudegi fyrirtækisins í fyrra og þar er hún að áréttu þá afstöðu starfsfólks, að það sé mikilvægt að Orkuveitan nái af sér pólitískum stimpli og að það ríki stöðugleiki í rekstri fyrirtækisins. Ég get alveg skilið þetta og ég skil að starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur þyki erfitt að vinna undir þessum aðstæðum. En það er nú bara einu sinni svo að það er ekki hægt að þvo pólitík af pólitísku viðfangsefni. Fyrirtæki sem fæst við nýtingu náttúruauðlinda það verður alltaf í eðli sínu pólitískt og um starfsemi þessa fyrirtækis mun alltaf ríkja ágreiningur, það munu alltaf vera skiptar skoðanir á því hvað hvað, hvenær og hvort og í þágu hvers Orkuveita Reykjavíkur á að virkja.

Ef almenningur er ekki sammála, sem hann er ekki. Almennungur er ekki sammála um það hvernig á að stjórna Orkuveitu Reykjavíkur. Það verður þessi ágreiningur og það verða þessi ólíku sjónarmið að sjálfsögðu að vera uppi á borðinu í stjórn. Við getum ekki bara ákveðið að almenningur sé sammála um það hvernig á að reka Orkuveitu Reykjavíkur, því að hann er það ekki og það er ekki okkar að ákveða það, það er því miður ekki starfsfólks Orkuveitu Reykjavíkur að ákveða það, það er almenningur sem hefur fyrsta og síðasta orðið í þessu máli. Lýðræðið byggir á samtali fólks með ólík sjónarmið, það getur verið óþægilegt og það getur haft sviptingar í för með sér, en við það verðum við að búa. Þetta lýðræði er ekkert fullkomið en þangað til annað og betra fyrirkomulag finnst þá verðum við að setta okkur við það.

Bstj. 20. september 2011

Þess vegna held ég, og tek undir með borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur., að það hljóti að vera farsælast að halda ágreiningnum utan eigendastefnunnar. Ég held að það sé of mikið sem að skilur á milli til þess að við getum sett inn ákvæði um það hvort að þarna eigi að vera inni pólitískir fulltrúar eða óháðir, hvernig sem að það er nú túlkað eða skilgreint og við verðum bara að láta hverju framboði eftir í hverri sveitarstjórn um sig að ákveða það hverja þeir skipa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Nú, að lokum vil ég segja varðandi umsagnarferlið sem nú er lokið, að ábendingarnar sem að bárust voru góðar, mjög góðar og mikilvægt að við förum yfir þær en þær voru mjög fáar. Og ég velti því fyrir mér hvort ástæðan sé sú að stefnan sé svona góð eða hvort að tíminn hafi verið slæmur eða stuttur. Og velti fyrir mér hvort að ekki væri rétt í framhaldinu að halda annan fund, mögulega opinn fund um eigendastefnuna þar sem að fólk getur komið, fengið kynningu á þeim drögum sem að nú liggja fyrir og bara komið með munnlegar athugasemdir og hægt væri að taka svona smá snúningi á því hvar við erum stödd í ferlinu og ef að einhverjir hafa athugasemdir að þá væri hægt að taka umræðu um þær. Ég held að það gæti verið mjög farsælt. Það var talað um það að halda annan fund eins og þann sem haldinn var með kjörnum fulltrúum í eigendasveitarfélögunum í vor. Það var talað um að halda annan slíkan fund í haust ég held að sá fundur ætti að eiga sér stað og jafnvel að hafa opinn þannig að aðrir geti komið meðal annars jafnvel íbúar í þeim sveitarfélögum sem að Orkuveitan þjónustar án þess að sveitarfélögin eigi hana.

Hvað varðar fyrirhugaða uppskiptingu, svo ég komi aðeins inn á það, vegna þess að það er líka hlutverk eigendanefndarinnar, þó að ekki sé kveðið á um það í eigendastefnunni að þá hef ég miklar áhyggjur af þessari uppskiptingu og er viss um það að hún krefjist ekki síður opinna og lýðræðislegrar umræðu. Þetta er það sem að bíður okkar og ég vona að okkur lánist að vinna hana í jafn góðu samstarfi og við höfum unnið þessa eigendastefnu. En svo ég fari nú að ljúka máli mínu að þá eru þessi drög mjög fín. Ábendingarnar eru líka fínar þó að þær hefðu mátt vera fleiri og nú þurfum við bara að fara yfir þetta í heild sinni og betrubæta það sem þarf, en að því loknu held ég að við ættum að geta sameinast um stefnu til

Bstj. 20. september 2011

allanngar framtíðar sem gæti reynst góð fyrir fyrirtækið, eigendur þess, sem eru í raun og veru líka mikilvægustu viðskiptavinirnir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarstjóri.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það kemur mér bara á óvart að fólk skyldi ekki hafa vitað af þessu með stjórnarformanninn. Ég taldi að þetta væri öllum kunnugt en ég hafði samband við hann og spurði hann út í þetta og þannig er í pottinn búið að hann tók þá ákvörðun í mars/apríl að það væri ekki þörf á að hafa sig í fullu starfi, minnkaði starfshlutfall sitt niður í 50% og er síðan hættur frá og með mánaðamótum maí/júní. Hann segir mér að hann hafi tilkynnt stjórninni þetta, óformlega þó, en ég vil náttúrulega benda á það að þessi ráðning var tímabundin og vona að þetta skýri þetta eitthvað.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur óskað eftir því að veita andsvar við ræða borgarstjóra.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta en ansi athyglisvert. Ég hef aldrei heyrt til þess að kjörinn fulltrúi taki ákvörðun einn og sér og tilkynni einhverjum það að hann sé í hálfu starfi eða hlutastarfi eða einhverju öðru heldur en því sem að hann hefur verið kjörinn til að gegna. Og ég hef aldrei vitað til þess að einstaklingur sem að hefur ráðið sig til einhverra verka ákveði það bara einn privat og persónulega að minnka við sig starfshlutfall eða að breyta því án þess að um það sé samið eða að ákvörðunin sé þá tekin einhvers staðar á formlegum vettvangi. Það er þannig að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er fjölskipað stjórnvald rétt eins og Borgarstjórn Reykjavíkur og ákvarðanir eru ekki teknar af einum manni, þær eru ekki kynntar óformlega, þær eru teknar á formlegum fundum og þær eru bókaðar og það er greint frá því hverjir greiða atkvæði með og hverjir eru á móti.

Ég held að það hljóti að vera þannig og mun óska eftir upplýsingum um það að þessi ákvörðun hafi aldrei verið tekin. Maðurinn á að fá þau laun sem samþykkt var á þar síðasta aðalfundi að hann fengi þangað til annað er ákveðið á þar til gerðum fundi og hann verður þá bara að þiggja þau laun. Ég get ekki séð í alvörunni að honum sé heimilt, privat og persónulega, að ákveða það að taka bara helminginn af þeim launum sem hann á að fá.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar. Og þá óskar borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson eftir að taka til máls.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þessi umræða sem nú byrjaði svona er svona heldur að taka á sig nýja mynd. Þegar kemur í ljós að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur samdi við sjálfan sig um það að hann skyldi nú bara láta af þeim störfum sem hann hafi verið ráðinn til að sinna, sem er nú merkilegt og auðvitað nokkuð merkilegt líka að þessi stjórnarformaður, ágætur eins og hann er, geri ekkert lítið úr honum, en hann er yfirlýstur guðfaðir þess meirihluta sem nú er við völd hér í borgarstjórn og hlaut að launum að verða formaður Orkuveitu Reykjavíkur og skellti sér strax í það að vera starfandi stjórnarformaður með milljón eða meira á mánuði.

Þetta er náttúrulega alveg þvert á þá hugsun og þvert á þá vinnu sem fram hefur farið núna einmitt til þess að gæta að einhverjum gæðum, einhverri hófssemi, einhverju skipulagi í Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta er fúsk sem á auðvitað ekki að tíðkast og stjórnarformaður og stjórnarmenn sem hann hefur talað við, því það virðist nú ekki vera þeir sem sitja hér, að minnsta kosti hægra megin í salnum frá mér séð, hafi nokkurn tímann heyrt þessa getið. Það er svo sem ágætt líka þá í sambandi við það að horfa til þess sem stendur einmitt um formann stjórnar í gr. 5.7 í þeim tillögum sem við erum að ræða hér núna eða drögum að eigendastefnu þar sem kemur fram, með leyfi forseta: „Frekari ákvörðun stjórnarformanns gagnvart stjórnarmönnum og verkaskipting hans og forstjóra skal skýrð í starfsreglum stjórnar.“ Ég bara velti því fyrir mér vegna þessa orðalags sem mér finnst óskýrt og óheppilegt hvort að það sé þá meiningin að áfram verði starfandi stjórnarformaður í Orkuveitu Reykjavíkur ekki með þeim hætti sem ákveðið var á aðalfundi félagsins 2010 heldur með þeim hætti sem tíðkast hefur í áratugi, sem tíðkaðist í tíð sérstaklega Alfreðs Þorsteinssonar þegar hann, sem stjórnarformaður á þeim tíma, hafði þar viðveru og skrifstofu og vann þar eins og hver annar starfsmaður. Ekki það að hann gæti ekki Orkuveitunni eitthvað til heilla heldur einfaldlega það að það hlýtur þó að vera skýrt að stjórnarformaður, formaður stjórnar hefur öðrum hnöppum að hneppa en að sinna daglegum rekstri félagsins.

Bstj. 20. september 2011

Þeir sem lesið hafa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þeir hafa væntanlega hnotið um það, þetta er einn af þessum grundvallartónum þeirrar skýrslu, það er það að gagnrýna hvernig stjórnarformenn bankanna hér voru einnig starfandi inni í bönkunum, voru starfandi stjórnarformenn þannig að skilin á milli stjórnenda og stjórnar voru engin orðin. Eftirlitshlutverk stjórnarformanns og stjórnar hafa þar með algjörlega riðlast og þau landamæri sem þar eiga að vera á milli eru horfin. Það gengur ekki og auðvitað ætti eigendanefndin að fara betur yfir það og betur yfir ákvæði 5.7 í framhaldi af þessari umræðu og með tilliti til þess skýrleika sem þarf að vera í störfum stjórnar og einkanlega stjórnarformanns gagnvart stjórnendum og hlutverk almennt stjórnar að móta stefnuna til framtíðar og hafa eftirlitshlutverk en vera ekki í daglegum rekstri félagsins.

Þetta vildi ég nú segja svona í beinu framhaldi af því sem hér var verið að ræða um það sem hér kemur í ljós á fundinum varðandi störf stjórnarformannsins, og ég tek það fram að ég er ekki að halla á hann sem persónu eða þau störf sem hann er að vinna fyrir fyrirtækið, heldur finnst mér þetta mjög óheppilegt og eiginlega kemur svona eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar við erum að tala um að vanda betur vinnubrögð stjórnar og stjórnenda og allrar þeirrar starfsemi sem fer fram í Orkuveitu Reykjavíkur. Ég vil, þar sem ég er nú eiginlega fyrsti ræðumaður hér undir þessum lið sem ekki er í þessari svokölluðu eigendanefnd, þá vil ég nú þakka eigendanefndinni alveg sérstaklega fyrir þetta góða starf og því góða fólki sem að þar er. Þessi drög hér sem lögð hafa verið fram að eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur eru mjög góð, þau eru vel unnin, þau bera þess skýrt merki að hér er verið að vinna í samvinnu að mestu leyti að því að komast að niðurstöðu og vonandi getur þá ríkt einhver sátt um þetta félag sem svo mikið hefur skaðast af þeirri umræðu sem verið hefur og sú umræða og við verðum bara að viðurkenna það hér í borgarstjórn hún hefur oft átt upptök sín meðal borgarfulltrúa og reyndar borgarstjóra í upphafi þessa kjörtímabils, sem að skrifaði á Facebook-síðu sína að þetta félag, þetta góða félag, Orkuveita Reykjavíkur, væri á hausnum og ég held að borgarstjóri, ég bara gef mér það og ég segi það hér, ég held að hann hafi lært af reynslunni og lært að svona getur maður ekki talað um Orkuveitu Reykjavíkur því að þetta er félag sem þarf að hafa ákveðið olnbogaráymi, svigrúm,

Bstj. 20. september 2011

og félag sem er náttúrulega í sambandi við sína lánardrottna og samstarfsaðila, ekki bara á Íslandi heldur víða um heim.

En kynningin á þessum drögum hér hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Það hefur verið kynningarfundur um þetta og hugsanlega verður annar kynningarfundur, þetta hefur legið frammi og þetta hefur verið inn á vefnum þannig að fólk hefur getað gert athugasemdir við þessa stefnu eða þessi drög að stefnu sem hérna liggja frammi og við erum nú að ræða það hér í borgarstjórn án þess að það sé komið á endastöð og það er auðvitað af hinu góða. Ég vil, með leyfi forseta, þó aðeins leyfa mér að lesa hérna upp úr eigendastefnunni bara strax í upphafi vegna þess að ég held að þeir sem að hafa skrifað þessa setningu sem að þar er hafi ekki áttað sig á því hvernig hún kemur út þegar að maður les hana. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindu hlutverki fyrirtækis, skýru umboði handhafa eigendavalds, stjórnar og forstjóra, lýsingu á kröfum um stjórnunarhætti ásamt öflugum eftirlitskerfi skapast fyrirtæki í eigu sveitarfélaga forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Þetta er náttúrulega alveg hræðileg setning, hún bara einhvern veginn stenst ekki. En ég veit að sá hugur sem þarna býr að baki, hvernig hann er tilkominn og hvað það er sem fólk er að reyna að segja, en ég vil þá leggja það til við nefndina að hún endurskoði þetta, þessi setning getur eiginlega bara farið því að strax á eftir kemur önnur málsgrein sem byrjar svo, með leyfi forseta: „Með skýrri eigendastefnu er leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigenda og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun.“ Þarna er bara ágætis byrjun einmitt á þessari eigendastefnu. Og það er kannski það sem að svona almennt, þegar maður les í gegnum þetta, þá svona jaðrar við stundum að textinn sé nokkuð ofhlaðinn, en engu að síður er hann vel skýr og ég er ekki með margar tillögur um breytingar á honum.

Ég vil þó segja fyrir mitt leyti að mér finnst í grein 3.4 þar sem talað er um kjarnastefnu að maður les það hér að kjarnastefnan sé auðvitað vatnsveitan, hitaveitan, rafveitan, fráveitan og svo kemur gagnaveitan og sala á framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. Og ég velti fyrir mér einhvern veginn hvernig

Bstj. 20. september 2011

maður getur mátað gagnaveituna inn í þessa röð, þessa upptalningu: hitaveitu, rafveitu, fráveitu og svo framvegis. Gagnaveitan er, eins og allir hér vita, hún er upprunnin í Línu.net, hún er bara upprunnin hér í borgarstjórn þegar að einn borgarfulltrúi ágætur, Helgi Hjörvar, lagði fram tillögu um það að hér yrði komið á stað gagnaveitu með tengingu með rafleiðslum um alla borg. Og það var bjartsýnt af hans hálfu en það lágu fyrir ákveðnar rannsóknir frá Bretlandi sem bentu til þess að þetta væri tækni sem væri rétt við það að verða hagkvæm og fýsileg þannig að farið var af stað með þetta verkefni. Það kom svo í ljós eins og allir vita að þetta gekk ekki upp og það var farin önnur leið til þess að reyna að halda áfram fyrirtækinu með lagningu ljósleiðara og þetta fyrirtæki er fyrst og fremst að sinna tengingu með síma, netið og sjónvarp, og ég eiginlega get ekki bara skilið hvernig það getur verið eitt af lífsnauðsynjum borgarbúa og þeirra sem að eru á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur að fá tengingu gegnum gagnaveituna, það er einhvern veginn þvert á allt.

Einn af þeim hlutum sem að ræddir voru hér fyrir nokkrum árum af hálfu þáverandi formanns, sem var Alfreð Þorsteinsson, var það að með útsendingu gagna, sem þá var alltaf sent með umslögum, að þá væri jafnframt fyrirtækjum seldur aðgangur að slíkum umslögum. Það er að segja að þau gátu sent auglýsingar með rafmagnsreikningunum og þar með Orkuveita Reykjavíkur að fá ákveðnar tekjur af því að senda út reikningana með auglýsingum fyrirtækja. Og ég hef svona velt því fyrir mér ef það hefði nú bara orðið að veruleika því að þetta mætti auðvitað andstöðu og það var bent á að fyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur gæti ekki verið í slíkum samkeppnisrekstri á móti öðrum sem væru að senda út auglýsingar og við það var hætt. En ef þessu hefði verið haldið til streitu og við hefðum öllsömum vanist því að með orkureikningunum okkar að þá kæmu jafnframt auglýsingar væri það þá upplýsingaveita? Er það þá einhver svona veita af einhverju tagi sem væri alveg nauðsynlegt að varðveita og við yrðum að kalla það sem hluta af kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur? Þetta er algjörlega sambærilegt vegna þess að gagnaveitan er þarna inni af sögulegum forsendum en á auðvitað ekkert skylt við hitaveitu, rafveitu, fráveitu og vatnsveitu eins og allir auðvitað getað skilið og auðvitað styð ég hugmyndir um það að hefja undirbúning

Bstj. 20. september 2011

á sölu gagnaveitunnar og þá ef það tekst ekki með einhverjum góðum hætti að leita þá að minnsta kosti eftir heppilegum tíma til þess að gera það.

Hér hefur farið fram nokkur umræða um hæfi stjórnarmanna, það er ekki umræða sem er ný. Við höfum staðið hér áður og rætt það hér og ég hef sagt mína skoðun á því hér að ég tel að það eigi ekki að takmarka eða útiloka stjórnarsetu þeirra sem að hlotið hafa kosningu til setu í borgarstjórn eða í sveitastjórnir sem eru meðal eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta hefur verið rætt hérna og ég tek bara undir ýmis þau sjónarmið sem fram komu hjá borgarfulltrúanum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, en það er þó kannski eitt sem að mér finnst vera mjög mikilvægt svona lykilatriði í þessum hlutum og það er einfaldlega það að Orkuveita Reykjavíkur hefur samfélagslegt verkefni, það er í almannaeigu, það er ekki fyrirtæki í samkeppnisrekstri með sama hætti og önnur fyrirtæki af sömu stærðargráðu í þjóðfélaginu. Þegar við ræddum þetta síðast, þá var rætt um það að það væri mikilvægt að fá hæfa menn úr viðskiptalífinu og það er akkúrat svona sjónarmið sem eru svo hættuleg og sem við ættum að hafa lært af eftir bankahrunið 2008 að við værum ekki að kalla eftir einhverjum hæfum „snillingum“ úr viðskiptalífinu til þess að fara að sinna stjórnun í Orkuveitu Reykjavíkur. Hvar hefði það nú endað ef við hefðum leitað til þeirra sem þá bárust mest á og báru hæst í íslensku viðskiptalífi. Það voru akkúrat þannig aðilar sem að komu að fyrirtækinu REI með þeim afleiðingum sem við þekkjum og hefði orðið mikið ógæfuspor ef að við hefðum óskað eftir því að fólk af þeim kalíber hefði sest í stjórnarstólana í Orkuveitu Reykjavíkur.

Þegar að 100 daga meirihlutinn var hér við völd sem var meirihluti Framsóknar, Samfylkingar, F-lista og Vinstri grænna að þá sátu í stjórn Orkuveitunnar til dæmis bara formaður Framsóknarflokksins, ég man ekki hvort að hann var fyrrverandi þá þó held ég ekki og þar var fyrrverandi alþingismaður Samfylkingarinnar og þetta fólk er auðvitað fólk sem hafði pólitískar meiningar, fólk sem að var í tengslum við sitt pólitíska bakland og fólk sem að hefur væntanlega fundið þá samfélagslegu ábyrgð sem að fylgir því að sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig að þetta fólk sinnti sínum störfum vel, það tók það af ábyrgð og ég vil á engan hátt gera lítið úr þeirra störfum né annarra sem að

Bstj. 20. september 2011

koma að þessu og hafa ekki verið tengdir pólitík með einhverjum hætti. Það er einfaldlega svo að í stjórnnum fyrirtækja þá er mikilvægt að það séu mörg sjónarmið sem að blandast þá saman á einum stað, að stjórn fyrirtækis sé ekki einsleit, það séu fólk sem að kemur með nýjar hugmyndir, með ólíka menntun og þetta hafa flest stór fyrirtæki út í heimi einmitt verið að passa sig á að blanda starfsmanna sé sem allra mest, þannig að saman í þeim verkefnum sem verið er að takast á sé fólk sem að hafi menntun sem ekki endilega sé á sviði viðskiptalífsins heldur fólk sem er með menntun í bókmenntum, heimspeki og ég er nú bara að telja upp akkúrat fólk sem að ég hef kynnst á lífsleiðinni sem er í viðskiptum og hefur ólíka menntun og starfar fyrir erlend stórfyrirtæki, vegna þess að með þeim hætti þá auðvitað koma sem flest sjónarmið að og vonandi sem mest skapandi hugsun í það starf sem verið er að vinna.

Mér finnst hérna í grein 5.9 vera mjög gott að þar er gert ráð fyrir því að stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur sitji ekki í stjórn dótturfélags eða hlutdeildarfélags. Þetta er svona af sama toga og ég var að nefna hér áðan um aðgreiningu þeirra verkefna sem fólk er að sinna hverju sinni og það er mjög óheppilegt ef að móðurfélag er að láta stjórnarmenn móðurfélags eru jafnframt í dótturfélaginu og þá er svona eiginlega spurning sko hvar mörkin eru og hvað kemur á undan.

Að öðru leyti held ég að ég sé ekki mikið að fjalla um þetta að sinni. Endurtek þakkir mínar. Það er kannski önnur umræða, það er semsagt um það hversu mikið og hvort yfirleitt Orkuveita Reykjavíkur á að starfa í hagnaðarskyni. Hvar mundum við setja mörkin ef í ljós kemur að Orkuveita Reykjavíkur er að sýna það mikinn hagnað að það er óeðlilegt að fyrirtæki með samfélagslega ábyrgð í almannaeigu sem starfar í þágu almennings hafi úr að moða og það sé eðlilegt að hugsa það nú á þessari stundu, það er að okkur þykir það bara svo óeðlilegt, væntanlega vegna þess að fyrirtækið stendur eins og það stendur, staðið illa, en er þó á uppleið eins og við þekkjum og margt verið gert í fyrirtækinu til hagsbóta fyrir reksturinn og augljóslega mun styrkja það inn í framtíðina. En það getur líka komið upp sú staða og það mun koma upp sú staða að fyrirtækið mun sýna það mikla afkomu að við munum velta fyrir okkur hér hvort að það sé eðlilegt að

Bstj. 20. september 2011

fyrirtækið sýni slíka afkomu. Þá finnst mér líka eðlilegt að eigendanefndin hafi velt því fyrir sér hvernig bregðumst við við.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég fagna þeirri umræðu sem fer fram hér í borgarstjórn í dag um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki að ófyrirsynju sem við förum yfir þetta mál, það hefur verið fyrirferðarmikið hér í sölum borgarstjórnar og má auðvitað rekja til stöðu Orkuveitunnar og hvernig staðið hefur verið að stjórnun hennar allt frá stofnun árið 2000. Ég held að það verði ekki hjá því litið þegar við samþykkjum og förum yfir slíka eigendastefnu að við veltum því fyrir okkur til hvers var stofnað, af hverju hefur þessi stefna verið samin, af hverjum erum við að ræða hana, af hverju þarf að fara yfir hvert einasta, einasta smáatriði. Þurfum við að móta eigendastefnu fyrir fleiri fyrirtæki með jafnvíðtækum hætti? Til dæmis Strætó og Faxaflóahafnir og Malbikunarstöðina og ég veit ekki hvað og hvað. Auðvitað er það svo að við erum að fjalla um þetta fyrirtæki vegna þess að það hefur verið mjög fyrirferðarmikið í borgarpólitíkinni og staða þess, alvarleg staða þess hefur gert það að verkum að hún hefur náttúrlega háð stöðu borgarinnar sem er þó fjárhagslega sterk.

Ég held að við verðum, þegar við lítum tilbaka, það er auðvitað erfitt að alhæfa í málefnum Orkuveitunnar eða ofureinfalda hvernig staðið verður að málum þar en ég held að ég tali fyrir hönd allra borgarfulltrúa þegar ég segi að við hefðum viljað sjá, við áttum ekki von á því þegar fyrirtækið var stofnað um aldamótin, þá átti enginn von á því að fyrirtækið myndi lenda í þeim hremmingum sem það hefur lent í og auðvitað var það ekki vilji neins. Þegar við spyrjum okkur af hverju þetta gerðist, því þetta þurfti auðvitað ekkert að gerast, það eru ekkert öll, þótt mörg fyrirtæki hafi farið illa á Íslandi og mörg orðið gjaldþrota á síðustu árum, þá eru auðvitað önnur sem hafa ekki gert það og þá staðnæmist maður við tvö orð og þau orð eru heilbrigð skynsemi. Heilbrigð skynsemi.

Það var alltof rík tilhneiging fljótlega eftir stofnun Orkuveitunnar um aldamótin, það var of rík tilhneiging til þess að telja að þetta fyrirtæki gæti tekið að sér skyldur langt, langt, langt umfram það sem forverar fyrirtækisins höfðu gert 100 árin þar á undan og hugsunarhátturinn var sá að þetta væri svo gott fyrirtæki og þarna væri kannski ofsa gróði, þá væri ekkert að því að fyrirtækið haslaði sér völl

Bstj. 20. september 2011

á fleiri sviðum heldur en kjarnastarfsemi þess gaf tilefni til og ég held að flestir borgarfulltrúar geti verið sammála um það núna að það að ýta þessum hugsunarhætti, koma honum inn í fyrirtækið, ýta honum að fyrirtækinu, það voru mistök. Það hefði betur ekki verið gert. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt þegar við ræðum um framtíð Orkuveitunnar, að menn fari yfir þessa forsögu og reyni að átta sig á þessum staðreyndum því ég held að það sé alveg sama hvað við sköpum fyrirtækinu góða umgjörð, það er alveg sama hvað við semjum, hvort við semjum hvert stefnumótunarplaggið á fætur öðru, það er alveg sama hvað við búum til fína eigendastefnu. Auðvitað munu stjórnáamenn framtíðarinnar, þeir borgarfulltrúar sem taka við af okkur, auðvitað munu þeir ef þeir vilja, þeir geta látið Orkuveituna og önnur borgarfyrirtæki og borgarsjóð sjálfan fara út í allskonar vitleysu ef menn reyna ekki að hafa heilbrigða skynsemi af leiðarljósi og átta sig á því hvaða mistök voru gerð í fortíðinni.

Svo við förum yfir það hvaða mistök voru gerð í fortíðinni, þá verður það að segjast eins og er, eins og ég nefndi hér áðan, það var Orkuveitan, hún var látin fara langt út fyrir hlutverk sitt og það voru stjórnáamenn hér í borgarstjórn sem mörkuðu þá stefnu. Það gerðist hinsvegar ekki, það var ekkert sátt um það í borgarstjórn á sínum tíma, ég held að flestir muni það að til dæmis kjörtímabilið 2002-2006, þá var Orkuveitan og starfsemi hennar og útpensla, var eitt heitasta deilumálið hér í borgarstjórn. Ég held að það hafi verið deilt um Orkuveituna á hverjum fundi eða að minnsta kosti á öðrum hverjum fundi allt það kjörtímabil og sitt sýndist hverjum. Ég get sagt bara stoltur frá því að Sjálfstæðisflokkurinn stóð í stafni fyrir þau sjónarmið að Orkuveitan ætti að mestu að einbeita sér að kjarnastarfsemi og varaði við hlutum sem ég held að hafi orðið Orkuveitunni afskaplega dýrir, eins og til dæmis Línu.net ævintýrið sem heitir núna Gagnaveita Reykjavíkur.

Það var líka tekist á um margvísleg önnur mál, það var tekist á um Orkuveituhúsið, það var tekist á um rækjueldi, það var tekist á um hörvefnað og ég bara, maður bara nennir ekki að rifja þetta upp. Ég man að manni fannst þessi umræða yfirleitt mjög leiðinleg og ég held að flestum hafi fundist það en það var ekki hjá því komist að taka hana vegna þess að við borgarfulltrúar

Bstj. 20. september 2011

Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma, við höfðum ríka sannfæringu fyrir því að það væri verið að toga fyrirtækið eitthvert, í einhverja starfsemi og einhverja útpenslu þar sem það ætti ekki heima.

Bara svo ég nefni, maður getur tekið Orkuveituhúsið sem dæmi. Það var stofnað til þess máls þannig að það átti að selja eignir, hús Orkuveitunnar niðri í bæ og byggja Orkuveituhús á ódýrri lóð uppi á Hálsum og söluvirði eignanna átti nokkurn veginn að duga fyrir byggingunni. Mig minnir að söluverð eignanna hafi á þeim tíma verið um 1,5 milljarður króna og ég held að Orkuveituhúsið hafi endað í um 5,8 eða 6 milljörðum króna og ef maður tekur þessa upphæð lengra, þá er það örugglega ennþá í bókum Orkuveitunnar er kannski ennþá hærri upphæð heldur en þessir sex milljarðar því að á sama tíma var Orkuveitan í miklum framkvæmdum þannig að þetta fé var allt, byggingarkostnaðurinn var tekinn að láni, þannig að kannski, ég hef ekki reiknað það út en ég get trúað að Orkuveituhúsið eitt og sér standi hátt í 10 milljörðum króna. Gaman eða fróðlegt að geta þess hér að ef menn hefðu ekki farið út í að byggja Orkuveituhúsið á sínum tíma, þá er ekki víst að Orkuveitan hefði þurft á þeirri aðstoð að halda í mars eða í vor út af þessari áætlun sem hún þurfti á að halda.

Annað dæmi: Lína.net, núna Gagnaveitan. Þetta var auðvitað mjög fyrirferðarmikið mál hér í sölum borgarstjórnar og við sjálfstæðismenn alveg frá upphafi vöruðum eindregið við því að þetta mál, þetta yrði of kostnaðarsamt og þetta gæti orðið peningahít. Ég held að sá peningur, þeir fjármunir sem hafa verið settir í Gagnaveituna nemi núna um 11 milljörðum króna. 11 milljörðum króna. Þannig að það er alveg augljóst, tölurnar tala fyrir sig sjálfar, það er alveg augljóst að ef við hefðum ekki sett pening í þessa hit, þá hefði Orkuveitan ekki þurft á aðstoðinni að halda um daginn. Ég held svosem að engum hafi dottið það í hug þegar við sjálfstæðismenn vorum að vara við þessu á sínum tíma að þetta færi þannig en svona er það nú samt og svo má auðvitað áfram telja, ég held að sú útpensla sem var hérna bara í að kaupa veitur, kaupa veitur hér út um allt land eða stóran hluta landsins, það var kostnaðarsamt. Ég man ekki í svipinn hvað það eru háar upphæðir en þær skipta milljörðum. Hugarfarið allt hjá Orkuveitunni var á þessum tíma þannig að þar var ekki heilbrigð skynsemi höfð að leiðarljósi en þetta

Bstj. 20. september 2011

var samt ekkert Orkuveitunni eða starfsmönnum hennar að kenna. Orkuveitan var auðvitað dregin mjög ákveðið áfram á pólitískum vagni og um allar þessar fjárfestingar eða flestar þessar fjárfestingar var meira eða minna heit umræða hér í borgarstjórn, þannig að ég held að þetta sé bara, þó að þetta sé dýr lexía, þá er þetta vonandi ágætis leiðarvísir fyrir okkur inn í framtíðina, að við skulum vara okkur áður en við hleypum fyrirtæki okkar af stað í svona miklar fjárfestingar.

Sú eigendastefna sem hér liggur fyrir, ég sé margt gott í þessari eigendastefnu. Það er alveg augljóst að þeir sem semja eigendastefnuna, hafa skrifað hana, þeir hafa auðvitað í huga þær hremmingar sem fyrirtækið hefur lenti í á undanförunum árum og mér sýnist, og ég held að það sé bara, ég get sagt þeim til hróss sem hafa mótað þessa stefnu að mér finnst býsna mikill vilji koma fram í þessari stefnu, vilji til þess að láta þessar ófarir, láta þessar ófarir sem Orkuveitan lenti í og voru að stærstum hluta bara pólitískar ófarir, að láta þær ekki endurtaka sig. Að láta skýrar umræður eiga sér stað á hinum pólitíska vettvangi áður en menn fara út í það að fjárfesta í hlutum sem er kannski búið að sýna fram á að skili arðsemi. En það verður bara líka að koma fram að um þessa hluti áttu sér stað mjög ríkar pólitískar umræður á þessum tíma.

Ég vil líka halda því til haga að mér finnst þessi eigendastefna að miklu leyti byggja á heildarstefnu Orkuveitunnar sem var mótuð á síðasta kjörtímabili. Þar átti sér stað gott starf undir forystu þáverandi stjórnarformanns, Guðlaugs Sverrissonar, þar tókst okkur að setja saman heildarstefnu sem allir flokkar skrifuðu undir sem var mjög gott eftir miklar deilur um Orkuveituna. Ég er ekkert sáttur við allt í þeirri heildarstefnu, ég er ekki sammála öllu, en mér fannst skipta mjög miklu máli að menn gátu mæst á miðri leið í ótrúlega mörgum málum og á endanum gátu allir samþykkt hana. Mjög heilbrigð grunngildi og samfélagsmarkmið sem við gátum sameinast um og lykiláherslur. Mér finnst þessi eigendastefna að mörgu leyti byggja á þessum gildum sem fram koma í heildarstefnunni. Það er hérna mun lengri texti í eigendastefnunni, allskonar hlutir útfærðir, og kveðið á um ýmis atriði sem ég held að fari mjög vel á að gera í slíkri eigendastefnu. Ég get svosem tekið undir það sem hefur komið hérna fram áðan að lagaramminn í þessari eigendastefnu er að mörgu leyti víður, það verður

Bstj. 20. september 2011

kannski þras um það í framtíðinni hvað Orkuveitan á að fara langt út fyrir sitt verksvið og sína kjarnastarfsemi eins og hún hefur verið en það má líka segja á móti að borgarfulltrúar framtíðarinnar munu auðvitað ekki láta slíka stefnumótun stoppa sig ef þeir eru ákveðnir í að gera eitthvað, fara út fyrir þennan ramma, þá er auðvitað hægt að breyta samþykktum, en ég held að þessi eigendastefna geti verið mjög mikilvægt plagg, vísending um það hvernig við núna á þessum tíma sem sitjum hér í borgarstjórn, hvernig við sjáum fyrir okkur starfsemi Orkuveitunnar.

Það er töluvert fjallað um arðgreiðslur og sú stefna mótuð að Orkuveitan skuli skila eigendum arði af því fé sem þeir eiga bundið í fyrirtæki og svo má auðvitað bara takast á um það hve mikill sá arður á að vera og við hvaða aðstæður eigi að greiða hann út, það er alveg hægt að fallast á það, en ég vil líka bara minna á það sjónarmið sem mér finnst vera mjög mikilvægt og eiga rétt á sér, þrátt fyrir að ég geti alveg fallist á skilyrði um arðgreiðslur, þær eru ekki þungvægar þessi árin. En við megum heldur ekki gleyma því að Orkuveita Reykjavíkur er fyrirtæki sem hefur verið byggt upp af Reykvíkingum og nærsveitarmönnum í gegnum orkureikninga fyrst og fremst og það má alveg deila um það hvort slíkt fyrirtæki eigi að skila arði eða hvort það eigi að skila miklum arði. Það má alveg deila um það. Við höfum væntanlega talað um það sjónarmið áður, það er ákveðið sjónarmið að segja að fyrirtæki sem er byggt upp af Reykvíkingum í gegnum orkureikningana, það á bara að standa undir sér, það á að skila arði til sinna eigenda með lágum orkureikningum. Það getur verið mjög umdeilt að gera kröfu til þess að slíkt fyrirtæki skili háum arði því þá mættum við bara segja að við værum í gegnum Orkuveituna búin að búa til nýtt skattlagningartæki á höfuðborgarbúa, sem væri óeðlilegt því markmiðið var náttúrlega bara að fyrirtækið stæði undir sér og seldi orku vægu verði en ekki að búa til nýtt fyrirtæki sem skattleggur borgarbúa þannig að þeir finni mikið fyrir því.

Þannig að mér finnst þetta valid sjónarmið sem við getum rætt um en á móti má segja að það geti líka verið óheppilegt ef orkureikningar verða of lágir, við sjáum það í framtíðinni þegar Orkuveitan verður búin að komast í gegnum þann ólgusjó sem hún er í núna, þá getur myndast það mikill hagnaður af fyrirtækinu að ef við gætum selt orku til okkar viðskiptavina á mjög lágu verði, mjög lágu verði, og það

Bstj. 20. september 2011

má deila um hvort það sé heppilegt líka því það má ekki gleyma því að þær auðlindir sem fyrirtækið er að veita okkur verðmætum úr, þær eru ekki óþrjótandi. Það má alveg deila um að ef verð á orku verður of lágt í Reykjavík, þá gætum við hreinlega verið að horfa upp á sóun. Þannig að þetta eru sjónarmið sem takast á en mér finnst það sjónarmið líka vera mjög þungvægt, það má alveg deila um þetta með arðinn og það er að minnsta kosti ljóst í mínum huga að arðurinn má aldrei vera svo mikill að það sé hægt að tala um að það sé farið að skattleggja borgarbúa í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur.

Það er svosem ekki, varðandi starfssvæði, það er svosem ekki nákvæmlega tekið á því, sem hefur verið mikið deilumál. Ég held að ýmsir hafi tilfinningu fyrir því að það sé verið að semja þessa eigendastefnu hér á vettvangi Orkuveitunnar eða vettvangi borgarstjórnar vegna þess að það eigi að komast fyrir deilumál eins og urðu hér í kringum REI á síðasta kjörtímabili, það eigi allt að vera klárt hvað Orkuveitan megi og hvað hún megi ekki og mér sýnist svosem, það er ekkert kveðið neitt sérstaklega á um það varðandi starfssvæði, hér er ekkert bannað að fyrirtækið taki að sér verkefni erlendis eða selji þekkingu sína til útlanda, það væri alveg hægt að gera það miðað við þetta. Kannski verður það bara ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni en það er þá að minnsta kosti búið að tryggja það hér að það verði rætt og farið yfir öll slík mál vandlega hér í borgarstjórn og það er bara að sjálfsögðu af hinu góða.

Í drögum að eigendastefnu, þá er mjög mikið af almennum viljayfirlýsingum. Hvað eigum við að segja, sjálfsögðum hlutum sem geta bara átt heima í hvaða stefnumótunarplaggi sem er. Ég man að þegar við skópum heildarstefnuna á síðasta kjörtímabili, þá skárum við niður texta, það var reynt að láta textann komast fyrir á nokkrum síðum. Hér er svona meira gert af því finnst mér að setja hér inn í eigendastefnuna sjálfsagða hluti sem eiga bara við í öllum fyrirtækjarekstri en kannski finnst mönnum meiri ástæða miðað við þá stöðu sem Orkuveitan er í að fjalla um slíka hluti og svosem óþarfi að staldra lengi við það eða gera athugasemd við það. Ég fagna því hins vegar að hér skuli vera fjallað um áhættustefnu, það er alveg ljóst að áhættustefna fyrirtækisins hefur ekki verið í nógu góðu lagi frá stofnun þess, það sýnir bara staðan sem fyrirtækið er í og ég

Bstj. 20. september 2011

held að það sé alveg ljóst ef við lítum til fortíðarinnar að það hefði auðvitað þurft að taka, þó að það væri mikið fjallað um það í borgarstjórn, þá hefðum við auðvitað þurft að fjalla um þetta einhvern veginn ítarlegar á sínum tíma áður en ákvarðanir voru teknar um fjárfestingar og fjárskuldbindingar.

En ég vil bara minna á það að þegar ákvarðanir voru teknar um fjárfestingar og fjárskuldbindingar Orkuveitunnar, sem hafa fyrst og fremst komið fyrirtækinu í þá stöðu sem það er í núna, þá fóru ítarlegar umræður fram um það hér í borgarstjórn og ég man ekki betur en við sjálfstæðismenn höfum á sínum tíma leitað allra leiða til þess að leiða öðrum borgarfulltrúum fyrir sjónir að Orkuveitan væri á háskabraut og reynt að bregða fæti, meðal annars bara með fundatækni, fyrir ýmsar fyrirætlanir sem voru þá uppi um að skuldsetja Orkuveituna. Og okkur var bara mætt með fullri hörku, það voru hér borgarfulltrúar sem skrifuðu greinar í blöð sem sögðu að skuldir Orkuveitunnar væru góðar skuldir, þegar við voruðum við því að Orkuveitan væri að taka mikil lán eða taka á sig nýjar og nýjar fjárskuldbindingar, þá sögðu menn hér að þetta væru góðar skuldir, bestu skuldinar í borgarkerfinu væru skuldir Orkuveitunnar og auðvitað þegar menn tala með þeim hætti, þá hefur náttúrulega fólk og þeir sem hafa tilhneigingu til þess að trúá slíkum málflutningi, þá náttúrulega fór fólk að ímynda sér að það væri allt í lagi að Orkuveitan skuldaði hressilega.

Við erum auðvitað ekki bara að tala um skuldir sem slíkar, það má ekki gleyma því að það eru gífurlegar fjárhæðir í skuldabók Orkuveitunnar núna sem má rekja til fjárfestinga í virkjunum og þær virkjanir eða ákvarðanir um þær virkjanir voru að mestu leyti teknar á kjörtímabilinu eða tímabilinu 2004-2006. Þá voru teknar gífurlega þýðingarmiklar ákvarðanir um orkusölusamninga, borgarstjórnin, með því að samþykkja orkusölusamninga Orkuveitunnar, þá var borgarstjórnin jafnframt að skuldbinda Orkuveituna til þess að virkja og taka mikil lán af þeim sökum og bara svo það liggi ljóst fyrir, þá var það ekki bara R-listinn sem bar ábyrgð á því, Sjálfstæðisflokkurinn ber líka fulla ábyrgð á þessum fjárfestingum í virkjununum, þessum orkusölusamningum á sínum tíma, en ég hygg þó að ólíkt mörgum öðrum fjárfestingum sem ráðist var á þeim tíma, þá hygg ég að flestir séu nú sammála um það að þessar virkjanir muni þó standa undir sér. Þessar virkjanir

Bstj. 20. september 2011

muni standa undir sér. Það var hinsvegar óheppilegt hvað þessi lán sem voru tekin á þeim tíma voru til skamms tíma enda eins og hefur komið í ljós á undanförunum misserum, þá er endurfjármögnunarvandi stór hluti af vanda Orkuveitunnar.

Þannig að þegar maður dregur þetta saman, þennan vanda og hvernig brugðist er við honum, mér finnst það á margan hátt til fyrirmyndar eða bara í góðu lagi hvernig tekið er á þessu í eigendastefnunni og ég held að það sé alveg ljóst að það verður með þessari eigendastefnu, þá er verið að kveða á um vandaðri málsmeðferð, vandaðri málsmeðferð áður en þetta fyrirtæki skuldbindur sig eitthvað upp fyrir loftið í ákveðnum hlutum án þess þó að ég haldi því fram að menn hafi verið með bundið fyrir augun hér í borgarstjórn á kjörtímabilinu 2002-2006 þegar menn samþykktu ýmsar fjárskuldbindingar.

En síðan kemur þessi klásúla um hæfi stjórnarmanna, rétt að ég taki fram að ég er sjálfur stjórnarmaður í Orkuveitunni, hef setið þar í nokkur ár og þetta er auðvitað álitamál sem er sjálfsagt að ræða en ég held að atburðir sem urðu hér á síðasta kjörtímabili, ég tek undir með öðrum borgarfulltrúum sem hafa fjallað um það eins og Hanna Birna Kristjánsdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson og Sóley Tómasdóttir, að mér fannst svona niðurstaðan úr því, meðal annars í þverpólitískum starfshópi um REI-málið og Orkuveituna, vera sú að ef eitthvað er þyrftu stjórnámálamenn að fylgjast betur með því sem væri gert í Orkuveitunni og út af því sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sagði hér áðan, þá vil ég taka fram að við megum ekki gleyma því að það eru stórpólitísk mál á borði Orkuveitu Reykjavíkur. Stórpólitísk mál að mörgu leyti, þetta er ekki bara rekstur. Þetta verður svolítið snúið þegar við förum að tala um öll fyrirtækin okkar og allar stjórnirnar okkar, og mér fannst borgarfulltrúinn leggja þetta svolítið upp þannig að byggðasamlögin okkar væru að þjóna hlutverki, framfylgja lögbundnum skyldum okkar, eins og Orkuveitan er að hluta til að gera, og þess vegna væri rétt að aðskilja þennan stjórnunarþátt og eftirlitsþátt, menn væru að hafa eftirlit með sjálfum sér, en þá vil ég bara benda á það á móti að hið sama gildir um önnur fyrirtæki.

Ef það á að taka borgarfulltrúa út úr stjórn Orkuveitunnar og setja menn þar í staðinn sem eru utan eða hafa engin tengsl við borgarstjórn eða öðruvísi tengsl við

Bstj. 20. september 2011

borgarstjórn, þá þarf auðvitað að fara yfir allt í þessu samhengi, það þarf að fara þá auðvitað yfir Faxaflóahafnir og Malbikunarstöðina og Strætó, jafnvel þótt þær séu ekki að sinna lögbundnum skyldum. Við getum sagt það er ekki lögbundin skylda Reykjavíkurborgar að reka strætisvagnakerfi, til dæmis. Stór hluti af því að sitja þar í stjórn er náttúrliga bara rekstur, fylgjast með rekstri, það hefur svo sannarlega þurft á öflugum stjórnarmönnum að halda þar á síðustu árum vegna þeirra hremminga sem Strætó hefur lent í í rekstri en það blandast engum hugur um það að stjórnarseta í Strætó er ekki bara rekstrarleg, hún er stórpólitísk. Það er auðvitað stórpólitískt mál hvernig við stöndum að almenningssamgöngum í borginni, bara frá ári til árs eins og hvað eftir annað hefur komið í ljós. Það er líka pólitískt mál hvernig er staðið að rekstri Faxaflóahafna og þeim skipulagsmálum sem þar koma inn á borð.

Og svo ég nefni það líka, ef við tölum um ráðin okkar hér í Reykjavík, það er auðvitað líka stórpólitískt mál hvernig er staðið að menntaráði, segjum menntamálum í borginni. Við sitjum hér borgarfulltrúar í menntaráði Reykjavíkur, það er stórpólitískt mál, það blandast engum hugur um það, en það er líka stórt rekstrarlegt mál, það er auðvitað líka stórt rekstrarlegt mál hvernig við rekum starfsemi menntamála í borginni, þar sem veltan er um 30 milljarðar króna. Þetta er ekki bara stefnumótun sem á sér stað í menntaráði Reykjavíkur, við borgarfulltrúarnir sem sitjum þar erum ekki bara þar af því að við erum svo góð í stefnumótun. Við erum líka þar til að fylgjast með rekstrinum frá mánuði til mánaðar. Mörg dæmi um það í menntaráði, sem veltir 30 milljörðum, mörg dæmi um það að þar eru langar umræður um það hvernig er rétt að hagræða í rekstri eða bregðast við þegar það kemur afkomuviðvörðun eins og gerðist um daginn. Þetta er ekki bara stefnumótun. Það má alveg færa rök fyrir því, það má koma með alveg sömu rök og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson kom hérna með áðan, að það gætu, það má alveg halda því fram að fagmenn úr viðskiptalífi gætu náð betri árangri í rekstri skóla borgarinnar heldur en stjórnálmenn. Ég hef svosem oft fengið að heyra það frá kennurum í Reykjavík að það séu bara mistök að hafa einhverja pólitíkusa í menntaráði Reykjavíkur. Það sé miklu betra að hafa þar fagmenn eins og kennara og kannski einhverja viðskiptafræðinga til þess að reka þetta.

Bstj. 20. september 2011

Það má líka velta því fyrir sér út af þeim gestum sem við fengum hér á palla borgarstjórnar í dag, velferðarráðinu, að í velferðarráði ættu kannski bara að sitja eintómir félagsráðgjafar eða þeir sem eru með svipaða menntun. Við búum reyndar svo vel ef ég man rétt að formaður velferðarráðs er félagsráðgjafi en það má alveg halda því fram líka að það væri eina vitið að hafa bara eintóma slíka fagmenn í menntaráði. En þið heyrið alveg, góðir borgarfulltrúar, að þetta er útúrsnúningur. Umræðan er komin út í öfgar. Við viljum, vegna þess að við erum kosin af fólkinu, við, þessir 15 einstaklingar, erum kosin af fólkinu þótt við verðum nú kannski orðin 20 eða 30 að fáum árum liðnum, þá erum við kosin af fólkinu í Reykjavík, við erum fagmenn í þeim skilningi að við hlustum eftir óskum þeirra og þörfum og tókum við kvörtunum þeirra og ábendingum og þetta reynum við að útfæra hér í sölum borgarstjórnar og teljum að til þess að fylgja málinu eftir sinnum við ekki bara stefnumótandi hlutverki í Borgarstjórn Reykjavíkur tvisvar í mánuði, heldur fylgjum við þessari skoðun okkar eftir, við sem erum kjörin af fólkinu, við fylgjum eftir okkar stefnumótun, okkar skoðunum á því hvernig eigi að reka þessa borg.

Við fylgjum henni líka eftir í stjórnnum, nefndum og ráðum. Hvort sem það er stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða menntaráð Reykjavíkur eða velferðarráð Reykjavíkur. En ég viðurkenni alveg að þetta er álitamál og kannski eru skoðanir einhverra borgarfulltrúa, kannski mótast þær að einhverju leyti af eigin reynslu, kannski mótast þær að einhverju leyti af eigin reynslu, frá því að sömu borgarfulltrúar sátu í stjórnnum eins og til dæmis Orkuveitunnar, kannski fannst einhverjum, finnst einhverjum borgarfulltrúum sem setið hafa í stjórn Orkuveitunnar eða annarra fyrirtækja, kannski finnst þeim að þeir hafi ekki náð utan um reksturinn, kannski finnst þeim að þeir hafi ekki í sinni stjórnartíð, þeir hafi ekki framfylgt heilbrigðri skynsemi við töku ákvarðana og þá er þeim að sjálfsögðu auðvitað frjálst að velja þá aðra fulltrúa fyrir sig. Mér finnst að þetta eigi að vera frjálst, eins og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi benti á áðan, að þeim sem á annað borð kjósa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, þeim sé frjálst að ákveða hverjir það eru. Núna kýs borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins að hafa borgarfulltrúa til þess að fylgja sínum málum eftir innan þessarar stjórnar, sem er stórpólítískt. Kannski koma aðrir tímar, kannski koma þeir tímar að við

Bstj. 20. september 2011

teljum að það eigi einhver utan borgarstjórnar að sinna því, en er ekki bara aðalatriðið það að við stjórnámálamenn, sem erum kosnir af fólkinu, við fáum bara að ráða þessu sjálfir?

Nú, ég vil síðan, já, eitt sem ég vil vekja athygli á að þessi stefna ber með sér að upplýsingagjöf á að, það á svona að festa upplýsingagjöf, það er kveðið á um að hún skuli vera mjög rík í Orkuveitunni, ég held að það sé mjög jákvætt. Ég held að eitt það versta við þennan bardaga um Orkuveituna sem var nánast hér í borgarstjórn á undanförunum árum eða frá stofnun og lengi vel, það hafi verið vegna þess að upplýsingar voru ónógar og það var auðvitað óþolandi að borgarfulltrúar skyldu vera að takast á um það hvaða upplýsingum ætti að veita hverju sinni. Ég held að stór skref hafi verið stigin í þá átt á undanförunum misserum að auka þessa upplýsingagjöf. Kannski stærsta skrefið stigið þegar tillögur okkar sjálfstæðismanna voru samþykktar um það að fundargerðir stjórnar yrðu gerðar opinberar, sem þær voru ekki árum saman. Þetta hugarfar er síðan fest í sessi, að Orkuveitan skuli veita upplýsingar og ég er mjög ánægður að það skuli vera gert og vona að það vinnulag verði fest í sessi [forseti slær í bjöllu] og þannig getum við til framtíðar rekið þetta fyrirtæki á góðum grunni.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið sínu máli. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil fyrst byrja á að þakka fyrir góðar og málefnalegar umræður um drög að eigendastefnunni sem hér liggja fyrir og hef á þessu stigi ekki mikið við þá umræðu að bæta. Það var farið yfir sjónarmið sem að mörgu leyti liggja fyrir eða hafa heyrst áður en líka einstakar ábendingar sem að við munum fara yfir í nefndinni í kjölfarið. Það er tvennt sem er kannski er aðeins utan efnis og hefur komið hér upp. Annars vegar athugasemdir og áhyggjur af því að stjórnarformaður hafi látið af fullu starfi fyrir þann tíma sem áætlað var í upphafi sem er rétt. Á aðalfundinum í júní 2010 að þá var gert ráð fyrir því að sú staða gæti verið að stjórnarformaður yrði að vera í fullu starfi alveg fram að næsta aðalfundi. En bókunin sem þá var samþykkt eða öllu heldur tillaga af öllum eigendum og borgarstjóri lagði fram hljómaði svo, með leyfi forseta, og les ég nú fyrst og fremst seinni hlutann: „Þess vegna samþykkir aðalfundur OR 2010 að stjórnarformaður verði í fullu starfi tímabundið á meðan að lagt er vandað mat á aðstæður og ýtt er úr vör nauðsynlegum breytingum í samstarfi við starfsfólk Orkuveitunnar. Þessi ráðstöfun gildir aðeins fram að næsta aðalfundi.“ Tilvitnun lýkur.

Þessi samþykkt ber augljóslega með sér að um tímabundna ráðstöfun var að ræða á meðan verið var að leggja mat á aðstæður og ýtt úr vör nauðsynlegum breytingum og hvaða tímunktur var nauðsynlegri til þess að trappa þetta niður heldur en einmitt þegar að stóra planið hafði verið samþykkt. Búið var að leggja þetta vandaða mat og ýta af stað nauðsynlegum breytingum. Auðvitað var mikið starf eftir og það stendur enn og gengur vel. En mér finnst nú býsna langt seilst hjá þeim sem að jafnvel efuðust um erfiða stöðu Orkuveitunnar hvað þá að það þyrfti einhvern í fullt starf við að leggja mat á hversu alvarleg hún væri og vinna að undirbúningi þeirra ráða sem grípa þyrfti til að gagnrýna það nú að stjórnarformaðurinn hafi látið af fullu starfi fyrir tímann. Ég held að það hafi verið fagnaðarefni eins og það að þetta hafi yfirhöfuð gengið og ég held að eftir á þá hljóti allir að verða að viðurkenna það að þessi ráðstöfun var ekki bara nauðsynleg heldur í raun lífsnauðsynleg miðað við þær aðstæður sem að Orkuveitan var í sem að við vissum ekki að væru jafnalvarlegar og raun bar vitni í upphafi

Bstj. 20. september 2011

kjörtímabilsins. En það skýrðist æ betur eftir því sem á leið og kristallaðist í byrjun þessa árs sem er þekkt saga og ég ætla ekki að rekja hér aftur.

Hins vegar er nokkuð frumlegt ef ekki svokallað grín að hreyfa þeirri skoðun hér í sölum borgarstjórnar sem að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir gerði áðan, að það væri mikið réttlætismál og ef ekki beinlínis krafa hennar að stjórnarformaður Orkuveitunnar, Haraldur Flosi Tryggvason, tæki við fullum launum fyrir starfs sitt út heilt ár, það er að segja fram í júní á þessu ári og ég held að það sé nauðsynlegt að fá svör við því hvort þetta hafi einmitt verið svokallað grín eða hvort að borgarfulltrúanum hafi verið alvara. Því að ég er ekki viss um að þessir fjármunir sem eru einhverjir að ég skil ekki alveg prinsippmálið miðað við það hvernig um hnútana var búið í upphafi fyrir utan að stjórnarformaðurinn og stjórnin hefur leitt mjög umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir meðal annars uppsagnir hjá Orkuveitunni, þannig að mér finnst fólkið orðin býsna laus höndin með peninga ef það á að neyða upp á fólk fé fyrir starf sem að það hefur trappað niður að eigin frumkvæði sem er auðvitað bara mjög hrósvert.

Ég ætla ekki mikið að gera með fullyrðingar eða stóryrta ræðu Júlíusar Vífils Ingvarssonar um það hvort að það ætti að innleiða varanlega stjórnarformennsku eða eitthvað slíkt vegna þess að ég held að þessi forsaga og þessar staðreyndir sem að við erum að rekja hér tali bara allt um það hvernig þetta var hugsað og það reyndar kom fram allt frá upphafi að þetta tímabundið vegna erfiðrar stöðu fyrirtækisins en af engum ástæðum öðrum og væri á meðan að væri verið að vinna sig í gegnum þá hluti sem gera þyrfti. Og það að gera nánari grein fyrir verkaskiptingu stjórnarformanns og forstjóra í starfsreglum stjórnar er ekki nýtt. Það eru líka kaflar um það í núverandi starfsreglum stjórnar, en það sem nýtt er að stjórnin þarf að bera þær starfsreglur undir eigendur á sérstökum eigendafundi eða aðalfundi sem er í raun bara hluti af því að þá fá eigendur aðkomu að því að tryggja að hlutverkaskipting sé skýr og ekki óeðlileg, þó að ekki þurfi að gera ráð fyrir að starfsreglur stjórnar komi oft til endurskoðunar.

Síðast vildi ég aðeins koma inn á það að ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum með að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon skuli hafa notað ferðina og reyna að endurskrifa sögu málefna Orkuveitu Reykjavíkur í tilefni af umræðu um

Bstj. 20. september 2011

eigendastefnu sem er ærið efni til þess að ræða um. Og það sem að var rétt í hans máli var að hér var oft efnt til umræðu um ýmis málefni Orkuveitu Reykjavíkur, einstakar fjárfestingar eða verkefni, þegar að Sjálfstæðisflokkurinn var í minnihluta og margt af því sem Orkuveitan gerði var þá gert tortryggilegt og gagnrýnt og það var ágætt, og ég held að það hafi verið tekið mið af ýmsu í þeirri gagnrýni og öðru ekki, en sumt voru hrein upphlaup. Stóra prófið sem að ræða hans ætti auðvitað að vera dæmd eftir og þar sem að hann ætlar aftur í þessa umræðu síðar í þessum sal, þá hlýtur hann að þurfa að vera í raun svolítið beinskeyttari varðandi notkun staðreynda var að Sjálfstæðisflokkurinn komst yfir meirihluta 2006.

Miðað við ræðu Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa hér í dag hefði enginn getað trúað því að það fyrsta sem að Sjálfstæðisflokkurinn gerði þá var að tvö- ef ekki þrefalda allar framkvæmdaáætlanir Orkuveitu Reykjavíkur um virkjanir og uppbyggingu, þannig að í þriggja ára áætlun þess meirihluta var stóraukið á skuldsetningu, bæði Orkuveitunnar og samstæðunnar. Og ég kannast varla við að Sjálfstæðisflokkurinn hafi hætt neinu verkefni. Og til dæmis það sem hér er rætt sem sérstakt álitamál, sem er það vissulega út af stóra planinu, það er að segja að Gagnaveitan sé nefnd sem dæmi um kjarnastarfsemi kemur beint úr stefnu stjórnar undir forystu Sjálfstæðisflokksins frá síðasta kjörtímabili þar sem að það var þannig skilgreint. 2008 myndaði Sjálfstæðisflokkurinn beinlínis meirihluta í Borgarstjórn Reykjavíkur með Óskari Bergssyni um það að það væri ekki nóg að fara í Hellsheiðarvirkjun heldur þyrfti að fara í Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun. Semsagt framkvæmdaplön miklu stærri heldur en þau sem að nú hafa komið okkur í þennan vanda. Þannig að ég held að það þurfi að endursemjja, endurhugsa, endurkanna allar staðreyndir og flytja síðan þessa hjartnæmu ræðu um framgöngu Sjálfstæðisflokksins í Orkuveitumálum aftur nema það sem að væri kannski skynsamlegast að bíða bara eftir hlutlausri úttekt á orsökum vanda Orkuveitunnar sem við höfum öll sameiginlega sett hér á stað og ætti að liggja fyrir næsta vor, ég held að það væri farsælast.

Bstj. 20. september 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ekkert nýtt að borgarfulltrúanum sem síðast talaði takist að taka mál sem að var að fá á sig nokkuð ágætan svip og fara aftur að rífast um keisarans skegg í því. Við getum alveg tekið umræðu hér í allan dag um hver sé orsökina fyrir skuldum Orkuveitunnar, hvað hafi gerst á tíma Alfreðs Þorsteinssonar, Ingibjargar Sólrúnar, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, Kjartans Magnússonar og okkar allra sem í þessum sal eru, við getum alveg tekið það. Ég eiginlega með fullri virðingu fyrir borgarfulltrúanum ætla ekki að eyða þeim fáu mínútum sem ég hef hér í andsvar til þess eina ferðina enn að fara í gegnum það og minni borgarfulltrúann á hans ... jákvæðu skuldirnar, góðu nestispakkarnir sem við vorum með inn í framtíðina það hét það í kosningabaráttunni fyrir 2006, en nú heitir það einhverju allt öðru. Látum það vera.

Aðeins vegna þess sem hefur verið rætt um hér varðandi kaup og kjör formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þá óska ég eftir því og við munum auðvitað óska eftir því líka inni í borgarráði að fá skýrari svör hvað varðar þetta, vegna þess að ég hafði ekki áttað mig á því í skýringum borgarstjóra í upphafi, hann útskýrði það betur eftir að hann hafði greinilega talað við stjórnarformanninn sem að orðrétt var þetta einhvern veginn þannig; að hann hefði ákveðið að það væri ekki þörf fyrir að ráða sjálfan sig aftur. Það sem ég er að gera aðalathugasemdir við í þessu er það – hvar kemur það formlega fram að stjórnarformaðurinn ákveði að fara aðra leið heldur en eigendafundur hafði falið honum. Það er ákveðin samþykkt inni í eigendaneftinni sem formlega var frá gengið, ég var ósammála þeirri samþykkt tek það fram, en engu að síður var hún samþykkt og hún var í gildi og ég get ekki séð að stjórnarformaðurinn hafi heimild til þess að segja sig frá því með þeim hætti sem hann virðist hafa gert án þess að það hafi verið gert formlega. Þannig að ég óska eftir að það komi þá fram hvar sú ákvörðun var tekin að þetta skyldi breytast í hálf starf, frábært að það þyrfti ekki meira en það, en þetta er eitthvað sem að sjálfsögðu hefði átt að vera afgreitt með eðlilegum og faglegum hætti og mér sýnist það ekki hafa verið gert.

Bstj. 20. september 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil aftur vísa í samþykktina frá aðalfundinum 2010, þar sem að rökin fyrir því að stjórnarformaður verði í fullu starfi eru tíunduð þannig, með leyfi forseta: „Stjórnarmaður verði í fullu starfi tímabundið á meðan lagt er vandað mat á aðstæður og ýtt verður úr vör nauðsynlegum breytingum í samstarfi við starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur. Þessi ráðstöfun gildir aðeins fram að næsta aðalfundi.“ Tilvitnun lýkur.

Ég held að þetta beri með sér þá hugsun að þetta er heimild til þess að stjórnarformaður sé í fullu starfi en fyrst og fremst fram yfir þann tíma sem að þetta mat og nauðsynlegar breytingar væru innleiddar. Það var gert með stóra planinu þetta vor. Ég vil reyndar ekki ganga svo langt að segja að stjórnarformanni hafi verið skylt að minnka við sig starfshlutfallið en mér fannst bara gott hjá honum að gera það. Mér fannst gott hjá honum að gera það. Kominn nýr forstjóri hann tekur við keflinu og einhendir sér ásamt starfsfólki í þau verkefni sem að þarna eru. Ég get ekki svarað því hvernig nákvæmlega að þessu var staðið og geri bara ráð fyrir því að slíkum fyrirspurnum verði beint á réttan vettvang hvort sem það er inn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða í borgarráði, það verður bara leitað svara við því. En mér finnst þetta gott mál og ég held að það hafi verið skynsamlegt að stjórnarformaður hafi getað sinnt sínum störfum í fullu starfi miðað við þær aðstæður sem við var að etja og ég má eiginlega ekki til þess hugsa ef við hefðum ekki haft kjark til þess að hafa þann háttinn á miðað við það hvernig mál þróuðust.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Já, það er slæmt að það skuli ekki vera hægt að svara því hér en þá förum við betur yfir það í borgarráði á fimmtudaginn. Ég er ekki að halda því fram að það hafi verið slæmt mál að stjórnarformaður hafi metið það þannig að hann hafi ekki þurft að sinna þessu nema í hálfu starfi enda sagði ég það áðan í fyrirspurninni. Ég er hins vegar að velta því upp hvort að hann sé til þess bær að taka þá ákvörðun ef að í þessari ákvörðun fólst og vísaði til aðalfundar í júní 2010 þar kemur líka fram að þessi samþykkt nái fram að næsta aðalfundi, sá aðalfundur var ekki í mars, sá aðalfundur var í júní. Og ef að stjórnarformaður ætlar að breyta ákvörðun eigendafundar nú þá verður hann að gera það með eðlilegum hætti. Ég skil ekki að hann geti bara tekið þá ákvörðun sér og sjálfur. Og eins og það var orðað svo ágætlega hér áðan að hann ákveður bara sér og sjálfur hvenær hann ræður sjálfan sig í vinnu og hvenær hann rekur sjálfan sig úr vinnu. Það er einfaldlega ekki hægt. Þannig að það eru einhver formsatriði í þessu sem eru bara ekki í lagi og þá er ég ekki að gagnrýna það að talið hafi verið ... ég veit ekki hver ákvað það, ekki virðist það hafa verið stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem ákvað það. Það virðist hafa verið stjórnarformaðurinn einn og sér. Ég veit ekki hvort að hann skrifaði sjálfum sér bréf eða hvernig hann fór með það, en borgarstjóri fer með eigendavald í umboði borgarstjórnar og menn verða að skýra það með hvaða hætti var haldið á þessu.

Það eru ákveðnar formreglur og við vitum það öll, það er alveg sama hvernig Dagur B. Eggertsson reynir að snúa sig í kringum það að þetta hafi verið góð ákvörðun hjá honum. Hann tekur hana í samráði við stjórn eða eigendur, sérstaklega þar sem hún var tekin á þeim formlega vettvangi þar sem stóð að þetta væri ákvörðun sem gildi fram að næsta aðalfundi.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvári öðru sinni.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Við erum þá líklegast bara ósammála um það hvernig ber að skilja þessa samþykkt og leysum væntanlega úr því hér á þessum vettvangi. En ber að skilja borgarfulltrúann þannig að hann sé að taka undir með borgarfulltrúa Sóley Tómasdóttur að stjórnarformanni Orkuveitunnar beri nánast skylda til þess að taka við fullum launum út þennan tíma?

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari öðru sinni. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir. Fyrirgefðu þið, mér varð á. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar ... Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi tekur til máls.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta er nú að verða kannski aðeins öðruvísi umræða heldur en að ég hafði búist við. En ég verð samt að koma hér upp og útskýra fyrir borgarfulltrúar Degi B. Eggertssyni prinsippmálið sem hann skilur ekki og spyr hvort að ég hafi verið að grínast með það hvort að maðurinn ætti að þiggja laun eða ekki. Nei, ég er ekki að grínast með það. Ég verð vissulega að fá álit þeirra sem að kunna með lög og stjórnáslu betur að fara heldur en ég, en ég fæ ekki annað séð heldur en að ákvörðun eigenda verði ekki breytt af öðrum en eigendum. Ef að tekin er ákvörðun á fundi eigenda þá þarf að breyta þeirri ákvörðun á fundi eigenda. Stjórnarformaður getur ekki tekið þá ákvörðun, stjórn getur ekki tekið þá ákvörðun og borgarstjórn getur heldur ekki tekið þá ákvörðun. Þetta er ákvörðun sem eigendurnir þrír tóku í júní 2010, sú ákvörðun er alveg skýr og alveg sama hvernig borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni hentar að túlka hana að þá er það alveg ljóst að þarna stendur; „Að ákvörðunin skuli gilda fram að næsta aðalfundi.“ Ef að eigendur telja þörf á að breyta henni þá gera þeir það á þar til gerðum fundi ekki öðru vísi.

Það er vissulega dýrt spaug að virða ekki lýðræðið og lýðræðislegar vinnureglur, það er mjög dýrt. Og þetta sýnir sig enn og aftur hvernig fjarlægðin frá kjörnum fulltrúum yfir í hina svokölluðu faglegu rekstrarmenn getur kostað bæði borgarbúa, fyrirtækið og almannahagsmuni talsvert fé og getur leitt til þess að fyrirtækið er ekki rekið með þeim hætti sem að ætti að reka það, það er bara þannig. Það verður að vera þannig að stjórnarmenn í Orkuveitu Reykjavíkur framfylgi þeim reglum og þeim stjórnarháttum sem að okkur ber að framfylgja, alveg sama hvort að það er þar eða hér. Að mínu mati er það alveg ljóst að stjórnarformaðurinn hafði enga heimild til þess að taka þessa ákvörðun þegar að hann tók hana.

Svo þegar er komið að því að útskýra núna eftir á af hverju hann tók þessa ákvörðun að þá er það útskýrt með því að stóra planið hafi legið fyrir 1. mars. Það er þannig get ég sagt ykkur að planið var samþykkt í borgarráði 23. mars, stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fundaði, við skulum taka það fram að stjórn Orkuveitu

Bstj. 20. september 2011

Reykjavíkurborg ber að funda einu sinni í mánuði að jafnaði, en hún fundaði í mars þann 1., 4., 18., 23. og þann 29. mars. Það hefur aldrei verið meira álag á stjórnarfólki í Orkuveitu Reykjavíkur, aldrei. Samt var stjórnarformaðurinn kominn niður í hálf starf akkúrat þarna og þetta þótti vera tímamunkturinn. Þetta er allt mjög undarlegt og ber þess merki að hér sé um miklar og einkennilegar eftiráskýringar að ræða. Ég óska eftir því að fá að vita hér nákvæmlega hvenær þessi ákvörðun var tekin, hvenær maðurinn fór í hálf starf og hvar ákvörðunin var tekin. Hafi hún ekki verið tekin af eigendum sem að ég fæ ekki séð, vegna þess að það voru ekki haldnir eigendafundir á þessum tíma og ég get ekki séð það í fundargerðum eigendafunda að þetta hafi verið ákveðið neins staðar, að þá getur ákvörðunin ekki hafa verið tekin með formlegum hætti. Það er mjög leiðinlegt, eins og ég hef haldið fram allan tímann, ég var ósátt við ákvörðun meirihlutans og ég var ósátt við ákvörðun eigenda um að ráða þennan mann í fullt starf. Ég taldi enga þörf á því að stjórnarformaður væri í fullu starfi og ég held ennþá að það hafi verið mistök. En hafi ákvörðunin ekki verið tekin um að breyta þessu þá því miður mun það kosta borgarbúa skildinginn.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil bara fyrst taka undir málflutning þeirra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa. Vinnubrögðin í þessu máli eru náttúrulega eitthvað skrítin og það verður auðvitað að skipa málum á formlegum vettvangi og ég verð nú bara að segja að það er mjög skrítið að þetta mál skuli ekki vera rætt svona formlega í Orkuveitu Reykjavíkur miðað við það að þetta mál var tekið upp í Borgarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma og rætt hér ítarlega og í borgarráði, þá náttúrulega hefði átt að greina bara frá því með skýrum og rekjanlegum hætti þegar að þessi ágæti stjórnarformaður fór í hálf starf. Og ég verð bara að segja að mér finnst þetta bara svona vera eitt dæmi um það í rauninni – bara þann losarabrag sem er á ýmsu hér í borgarstjórninni undir stjórn núverandi meirihluta og sérstakt að við skulum vera að ræða þetta undir þessum lið þar sem verið er að tala um eigendastefnu, þar sem á einmitt að festa ýmsar formreglur í sessi og við erum væntanlega öll sammála um það, að þá skuli koma umræða um þetta mál sem er auðvitað mjög skrítið.

Ég er líka hissa á því að hinn ágæti borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að hann skuli þegar að þetta mál ber á góma, að hann skuli einhvern veginn reyna að drepa málinu á dreif og koma hér með sínar eftiraskýringar og útúrslutning í staðinn fyrir í svona málum það er bara svo auðvelt að segja „afsakið, þetta mun ekki koma fyrir aftur“ við skulum bara reyna að leita eftir sátt við minnihlutann og ganga frá málinu. Þannig að það sé bara gengið frá því þannig. Ég er hissa sko að borgarfulltrúinn skuli taka þessu svona. Minnir á nokkurra vikna gamalt mál þegar að kom í ljós að fjárhagsáætlun hafði ekki verið skilað til ráðuneytisins og þriggja ára áætlun og í staðin fyrir að bregðast við athugasemdum okkar Sjálfstæðismanna með því að leita eftir sáttum hvernig væri hægt að leysa málið, að þá var minnihlutinn hérna í borgarstjórn sem benti á að þessari áætlun hefði ekki verið skilað. Honum var bara sendur tónninn í fjölmiðlum. Einn borgarfulltrúi skrifaði grein og sagði að þetta væri bara upphlaup Sjálfstæðisflokksins. Annar sagði að þetta væri vandræðagangur minnihlutans það að skila ekki þessari áætlun. Nú svo var þessi áætlun á endanum samþykkt held ég daginn áður en ráðuneytið hafði hóttað að sekta borgina vegna málsins, þannig að

Bstj. 20. september 2011

Þetta leystist nú á síðustu stundu. Þetta er náttúrulega dæmi um losarabrag og menn hefðu bara átt að taka þessu vel frekar en að senda minnihlutanum tóninn í þessu efni.

En ég ætlaði hér líka aðeins að fjalla um orð Dags B. Eggertssonar þar sem að hann var að svara einhverju sem kom fram í mínu máli sagt að ég væri að endurskrifa söguna. Ég held að ég hafi ekki verið að endurskrifa neina sögu ég held að flest af því sem ég sagði það hafi nú komið fram einhvers staðar áður og ágætt til upprifjunar hér í borgarstjórn af því að við eigum að varða vegferðina fyrir þetta fyrirtæki og fyrir borgarstjórnina inn í framtíðina. Ég held að ég hafi ekki verið að endurskrifa söguna. Ég líka minni bara borgarfulltrúa á það að sagan hún liggur að mestu leyti fyrir til dæmis í fundargerðum stjórnar Orkuveitunnar sem eru núna opinberar en voru það ekki árum saman og þar er hægt að sjá flesta þessa hluti ef maður nennir því. En þó verð ég líka að segja að ég var svolítið undrandi á því hvernig borgarfulltrúinn svaraði og mér fannst þau orð hans vera fremur á þá leið að hann væri að endurskrifa hér ákveðna sögu.

Hann gerði hér mikið úr því að Sjálfstæðisflokkurinn hefði hér staðið fyrir miklum framkvæmdum á vegum Orkuveitunnar eftir að hann komst í meirihluta og framkvæmdaáætlanir Orkuveitunnar hefðu verið tvöfaldar ef ekki þrefaldar við það eitt að Sjálfstæðisflokkurinn komst í meirihluta. Ég var svolítið hissa á að heyra þessi orð – ég veit ekki hvort að það er verið að reyna að afvegaleiða borgarstjórn eða hvort að þau beri bara vankunnáttu þessa ágæta borgarfulltrúa vitni. Og ég held að við verðum að átta okkur á því að og ég skal bara upplýsa um það að þetta hef ég ekki séð í borgarstjórn áður að stór hluti af þeim fjárfestingum sem Orkuveitan tókst á hendur eða fjárskuldbindingum var í gegnum orkusölusamninga ekki framkvæmdaáætlanir. Það var ekki þannig að Sjálfstæðisflokkurinn kæmist hér til valda og doblaði eða þrefaldaði framkvæmdaáætlanir, það var ekki þannig. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda að þá var búið að spila hér undir mjög víðtæka orkusölusamninga sem fólu í sér miklar skuldbindingar og virkjanauppbyggingu, og skal ekkert leyna því að Sjálfstæðisflokkurinn tók þátt í því að samþykkja þá samninga, en það gerði Samfylkingin líka og það má rekja þá uppbyggingu sem síðar varðaði

Bstj. 20. september 2011

fjárskuldbindingar til þessara samninga. Þetta voru nokkrir samningar. Reyndar vil ég halda því til haga að fulltrúi Samfylkingarinnar Sigrún Elsa Smáradóttir þegar að held ég síðasti samningurinn var til umræðu sem var eftir kosningar 2006 að þá bókaði hún varnaðarorð sem eru henni mjög til sóma um það með hvaða hætti slíkar fjárskuldbindingar gætu haft í för með sér. En það var svona einn hluti af þessu dæmi og það var búið að skuldbinda Orkuveituna að mjög miklu leyti áður og það að menn skyldu tvöfalda og þrefalda þessar framkvæmdaáætlanir það var bara í beinu framhaldi af því að menn höfðu undirritað slíka orkusölusamninga. Ég hef kynnt mér þetta mál, þetta liggur allt skjalfest fyrir og það er bara sjálfsagt að fara yfir það ef menn vilja.

Borgarfulltrúinn fjallaði hér líka um Gagnaveituna að við Sjálfstæðismenn höfðum á síðasta kjörtímabili samþykkt að hún yrði hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins og það er alveg rétt. Við gerðum það í stefnumótuninni þá féllumst við á það. Það var líka mikil áhersla lögð á það í stefnumótuninni að menn mundu ná saman um hana og málamiðlun að ýmsu leyti. Ég held að engum blandist svo hugur um það að það hafi verið stefna Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina að Orkuveitan væri ekki að reka þessa Gagnaveitu eða leggja fé í hana, það hefur komið fram í málflutningi okkar sjálfstæðismanna. Það er hins vegar alveg rétt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið eini flokkurinn í borgarstjórn eða var lengi vel eini flokkurinn í borgarstjórn sem var með þessa skoðun og það segir sig auðvitað sjálft að þegar að Sjálfstæðisflokkurinn var í samstarfi við aðra flokka þá gat hann ekki haft öll sín mál fram frekar en að reiknað með að til dæmis Samfylkingin nái ekki öllum sínum málum fram þegar hún er í samstarfi við aðra flokka.

Og talandi um það líka að endurskoða söguna þegar að kemur að Hverahlíð og Bitru. Ég man nú ekki beinlínis að meirihluti okkar með Óskari Bergssyni borgarfulltrúa hafi verið beinlínis myndaður utan um Bitru, en það er alveg rétt að þá var diskúterað í borgarstjórn um sumarið 2008 þá hafði Bitruvirkjun sem var inn í framkvæmdaáætlunum Orkuveitunnar henni hafði verið slegið á frest um óákveðinn tíma og vakti deilur hér í borgarstjórn. Ég hygg að flestir sjái það nú að þetta var ef til vill besta ákvörðun sem stjórn Orkuveitunnar tók í aðdraganda hrunsins 2008 því að það var mjög dregið úr fjárskuldbindingum og þá var tekist á

Bstj. 20. september 2011

um það hvort að það væri hætt við virkjunina til eilífðar eða um óákveðinn tíma og við sjálfstæðismenn sögðum að það væri um óákveðinn tíma. Og við vorum búnir að segja það að það væri alveg ljóst að virkjunin færi ekki af stað á kjörtímabilinu og ég held að það hafi verið skilningur allra í borgarstjórn á þeim tíma að svo væri ekki.

Nú, bara í þessu sambandi, fyrst að mönnum verður svona tíðrætt um einhver meirihlutaskipti og hvaða ákvarðanir breyttust við það að hér var nýir meirihlutar myndaðir á síðasta kjörtímabili, það er nú auðvitað efni í stóra bók. En þá getum við alveg rætt um það líka utan um hvað 100 daga meirihluti Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa var myndaður. Ég man ekki betur en að sá meirihluti hafi verið myndaður um áframhaldandi starfsemi REI. Þá vorum við Sjálfstæðismenn með varnarorð uppi um það að við vildum ekki fara í einhverjar stórtæka útrás fyrir milljarða eða tug milljarða kr. með peninga Orkuveitunnar. En ég man ekki betur en að sá meirihluti hafi verið myndaður til þess að halda áfram með þá útrás og þáverandi borgarstjóri Dagur B. Eggertsson hafi ekki sýnt ákveðinn vilja til þess að skuldbinda Orkuveituna fyrir milljarða eða tugmilljarða kr. vegna útrásarverkefnis erlendis þetta var um áramótin 2007-2008, ef ég man rétt, þegar að ýmsir útrásavíkingar voru farnir að draga sig í hlé og rifa seglin, að þá var þessi útrásavíkingur alveg á fullu að leita sér að nýjum samningum til þess að fara út í. Sem betur fer þá var myndun meirihluta í janúar 2008 til þess að menn reifuðu seglin að þessu leyti og ákváðu að fara ekki í síka stórtæka útrás en standa að sjálfsögðu við þá samninga sem höfðu verið gerðir, en að rifa seglin að setja ekki milljarða inn í verkefnið.

Þannig að ef menn vilja ræða það þá er það alveg sjálfsagt hér, en tek þó undir þau orð borgarfulltrúans; að það sé að fara yfir þetta í góðu tómi. Ég ætla að vísu ekki að bíða eftir neinni nefnd sem var skipuð af mönnum sem þessi borgarfulltrúi handvaldi til þess að fara yfir sögu Orkuveitunnar. En hvet sem flesta til að kynna sér fundargerðir hennar og mynda sér sjálfstæða skoðun á sögu Orkuveitunnar og þá eruð þið betur undir það búnir að móta henni góða stefnu til framtíðar.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að taka til máls.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að ítreka þakkir fyrir málefnalega umræðu og kem hér upp í þriðja sinn í raun í nokkurs konar andsvar sem þó hefur verið flutt oftár í þessum sal. 100 daga meirihlutinn var stofnaður til að koma í veg fyrir skyndisölu á hjartanu úr Orkuveitu Reykjavíkur og í kjölfarið var undið ofan af samningum við Geysi Green Energy sem að stofnað hafði verið til af fyrirverandi meirihluta og sú saga er mjög merkileg þó að margir hafi reynt að endurskrifa hana eftir það. Ef að þessi meirihluti hefði ekki verið myndaður og Sjálfstæðisflokkurinn hefði haft sínu fram, að þá hefði sennilega Geysir Green Energy og tengdir aðilar eignast hjartað úr Orkuveitu Reykjavíkur og enginn hefur lýst því að þetta var einkavæðing á stórum skala betur heldur en Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir í löngu bloggi akkúrat þetta haust, borgarfulltrúi, og ég vísa fólki sem vantar rök fyrir því af hverju þetta var í raun einkavæðingar hugmynd á mjög skýran pistil um það á hennar vef.

Varðandi þær aðgerðir sem við vorum í varðandi verkefni REI í tíð 100 daga meirihlutans og borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon gerir hér að umtalsefni að þá miðuðust þær allar að því að lágmarka skaðann og verja hagsmuni og eins og allir sem að fara yfir þau gögn ættu að átta sig á og áður hefur verið farið yfir í þessum sal. Það er hins vegar alveg rétt hjá borgarfulltrúanum að stóru framkvæmdaáætlanirnar sem að tvöfölduðust og þrefölduðust eftir að Sjálfstæðisflokkurinn kom í meirihluta byggðu á raforkusölusamningum og viljayfirlýsingum. Og það er hins vegar ekki alveg rétt munað hjá honum að það mál sem að skipti þar mjög miklu máli hafi verið langt komið þegar að meirihlutinn komst að, vegna þess að eins og lesa má í fundargerðum frá 7. júní 2006 að þá var þar lögð fram fyrsta viljayfirlýsingin milli Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls um orkuöflun og sölu rafmagns til Álvers í Helguvík, dags. 1. júní 2006. Og þar klofnuðu gömlu Reykjavíkurlistaflokkarnir en Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur sem síðar mynduðu meirihluta samþykktu þessa viljayfirlýsingu, en Samfylkingin studdi það mál ekki heldur bókaði, með leyfi forseta og ég ætla ekki að vísa í þetta allt orðrétt þetta er nokkuð langt: „Að það hefði verið látið hjá líða að afla gagna sem að fulltrúi

Bstj. 20. september 2011

Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar hafði beðið um varðandi mögulega orkuöflun, flutningaleiðir, verð og hagkvæmni, öflun rannsóknaleyfa, áhrif virkjanaframkvæmda á umhverfið og áhrif framkvæmda í tengslum við verkefnið á efnahagslífið.“ Þessi úttekt fór aldrei fram og það sem að fulltrúi Samfylkingarinnar bókaði sérstaklega, með leyfi forseta, er að:

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áhrif hugsanlegra virkjanaframkvæmda á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur sérstaklega eiginfjárluta fyrirtækisins til lengri tíma og á meðan á framkvæmdum stendur. Þessi áhrif verði skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaáform fyrirtækisins svo sem lagningu ljósleiðara. Hvar liggja þolmörk fyrirtækisins í fjárfestingu. Huga verður að því að fjárfestingar fyrirtækisins á ýmsum sviðum þó að arðsamur séu til lengri tíma leiða ekki til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að auka eigið fé fyrirtækisins.

Og þessi bókun, eins og borgarfulltrúi Kjartan Magnússon, skiptir verulegu máli vegna þess að þarna var fóturinn settur niður og bent á og höfð uppi varnaðarorð sem betur hefði verið farið eftir, vegna þess að menn þverskölluðust allan tímann þegar að Helguvíkursamningurinn var annars vegar við að meta þetta kirfilega, meta orkuöflunina kirfilega heldur gösluðust áfram í alls konar túrbínukaupum og framkvæmdaáætlunum sem eru hluti af erfiðri stöðu sem við erum í núna. En ég vil ítreka það að ég tel best fara á því að láta úttekt á þessari þróun allri saman og þær staðreyndir sem liggja fyrir í málinu tali sínu máli frekar en að við séum að túlka þetta hér til og frá. Og ítreka það að ég sá mig tilneyddan til að gera þetta að umtalsefni vegna þess að mér finnst fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á köflum gerast ansi grófi í því, í trausti þess að enginn nenni að eltast við vitleysuna, að endurskrifa söguna hvort heldur það er eldri atburður nú eða það hvernig Orkuveitan komst í þá kröppu stöðu sem hún var í, því að á köflum er ekki hægt að skilja það öðru vísi en að Orkuveitan væri bara í fínum málum ef að Facebook hefði ekki komið til.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við mál sitt. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir því að veita andsvar.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég skal reyna að hafa þetta örstutt andsvar. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um hver beri ábyrgð á bágrri stöðu Orkuveitunnar, ég held að flest rök hafi komið fram í þeirri umræðu. En það er ekki hægt að láta þau orð standa sem að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi hér þar sem að hann reyndi að búa til sína söguskýringu á því hvernig var með REI-málið, sem eru algjörar eftir á skýringar eins og hann veit manna best, enda var það þannig að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru á móti því að Orkuveitan færi í útrásarverkefni með Geysi Green Energy. Samfylkingin var hins vegar hlynnt því og greiddi atkvæði með því inni í stjórn Orkuveitunnar. Það er sá stóri munur sem var á afstöðu þessara flokka. Það er síðan alveg rétt sem að borgarfulltrúinn segir, að Sjálfstæðisflokkurinn var í miklum vandræðum með það mál þegar að allt var komið í uppnám, sem það gerði vegna mótmæla hluta borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.

Við mótmæltum þessum samrunna vorum eindregið á móti honum, en við vorum ekki búin að hugsa neitt plott eða hvernig við ætluðum að spila það út. Við vissum bara að við vorum með hjarta okkar á móti þessu en vorum í þeirri einkennilegu stöðu að það var ekkert okkar í stjórn Orkuveitunnar, þannig að málið var samþykkt þar meðal annars af Samfylkingunni og við vorum í bölvuðum vandræðum, og þá kemur út þessi lausn sem kannski var ekki góð og ég held að það sé alveg rétt sem að borgarfulltrúinn segir; að það hefi kannski verið gott ef að sú leið hefði verið farin.

Upphaf málsins er hins vegar það að í stjórn Orkuveitunnar er samþykkt að þarna skuli vera farið í útrásarverkefni með Geysi Green Energy. Samfylkingin samþykkti það vildi fara í þessi verkefni, en við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem hér sitjum vildum það ekki og fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar var sá eini sem sat hjá og Vinstri grænir voru síðan á móti þessu eftir það. Framhjá þessu kemst borgarfulltrúinn auðvitað ekki en hann reynir að snúa þessu máli þannig að Sjálfstæðisflokkurinn hafi í rauninni viljað einkavæða allt saman, þegar að allir vita sem skoða þetta og líka borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að við hérna

Bstj. 20. september 2011

nokkur, sem að stóðum í þessu máli upp fyrir axlir, að við vildum aldrei að þetta færi af stað í upphafi og þess vegna mótmæltum við þessu. Og það er alveg rétt að við lentum í vandræðum með það en hugur okkar var alveg skýr.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil þakka borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni fyrir sínar skýringar, ég hef ekki heyrt það fyrr svona skýrt að það sé viðurkennt að þetta hafi í raun ekki verið úthugsuð leið heldur hálfgerð klúður að leggja til að fyrirtækið yrði selt, þó að þá hefði ýmislegt verið komið á daginn sem lá ekki fyrir á stjórnarfundinum margfræga. Vegna þess að það er líka alveg rétt hjá honum að á þeim stjórnarfundum greiddi fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórninni því atkvæði sitt að þessi samningur yrði gerður. En hver var ein megin niðurstaðan úr skýrslu svokallaðs REI-hóps? Að lykilupplýsingum var leynt fyrir stjórninni á þeim fundi og það var felld tillaga VG og Samfylkingarinnar um að fá frest. Það má á sama hátt segja það, að það hafi verið mistök að í trausti þess að þetta væri í lagi og allar upplýsingar væru réttar að samþykkja þetta, en það var ekki. Og eitt af því sem að var alls ekki skýrt og var alls ekki lagt fram einu sinni í endanlegri mynd á þessum stjórnarfundum var, að þessi þjónustusamningur á milli REI og Orkuveitu Reykjavíkur, sem að borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifaði um í pistlinum „Orkuveitan í raun seld“ sem var vísað í hérna áðan og hefst með þessum orðum, með leyfi forseta: „Þegar þjónustusamningur á milli REI og OR er rýndur er ljóst að búið er að selja stærri part úr Orkuveitu Reykjavíkur en nokkurn óraði fyrir. Borgarfulltrúar fengu kynningu á því að verið væri að selja útrásarfélaginu nýja REI, en það sem í reynd var verið að gera nær miklu mun lengra en það.“ Og síðan rekur borgarfulltrúinn þetta í níu atriðum. Þessi þjónustusamningur var ekki kynntur og skýrður á þessum stjórnarfundum heldur var felld tillaga um frestun. Hann hafði hins vegar verið kynntur og skýrður þegar að tillagan um að selja fyrirtækið var gerð og þess vegna tókum við það svona óstinnt upp, að það ætti að fara að selja fyrirtækið með þessu hjarta úr Orkuveitunni.

**Forseti:** Þá hefur Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar.

## 2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Já, já, það eru hér merkilegar söguskýringar sem Dagur B. Eggertsson er með í borgarstjórninni. Ég vil taka undir það sem Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi sagði ég held að þær skýringar séu miklu nær sanni og séu sannari frekar en það sem að Dagur kemur með, en ég ætla ekki að fjalla um það sérstaklega. En get þó ekki látið hjá líða að minnst á þau orð borgarfulltrúans sem hann sagði; að 100 daga meirihlutinn hefði eingöngu reynt að lágmarka þann skaða sem þegar hefði verið orðinn vegna stofnunar REI og svo framvegis. Og þá velti ég því fyrir mér var það að lágmarka þann skaða að skuldbinda Orkuveituna og þar með borginna um 13 milljarða kr., ef ég man rétt, vegna einhvers útrásarverkefnis á Filippseyjum. Ég átti mjög bág með það á þeim tíma og á ennþá bág með að skilja hvernig sá gjörningur gat orðið til þess að lágmarka einhvern skaða. En þá rifjuðust líka upp fyrir mér orð borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar á sínum tíma þar sem að hann lét hafa eftir sér einhvers staðar í fjölmiðum, að flumbrugangur Sjálfstæðismanna í fjölmiðlum út af REI-málinu, af því að þá var hann hlynntur stofnun REI, að hann gæti haft í för með sér að borgin eða REI og Orkuveitan gætu tapað 50 milljörðum kr. Þannig bara þessi ummæli sýna hvar menn voru staddir á þessum tíma – sýna hverjir voru tilbúnir til þess að nota orðfæri útrásarvíkinga og líta út eins og flottir útrásarvíkingar og segja flumbrugangur í okkur var að kosta 50 milljarða kr., þar væri einhver ofsagróði á leiðinni sem ég efast nú um að hafi nokkurn tíma skilað sér, en gaman væri að vita hvort að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson er ennþá á sama máli hvað það varðar.

Varðandi þessa orkusölusamninga árið 2006 þá held ég að það sé bara rétt að fara yfir það. Ég segi það aftur; að eftir kosningar þá var það Sigrúnu Elsu Smáradóttur þáverandi borgarfulltrúa til sóma að hún skyldi koma með varnaðarorð. En ég minni líka á það, að Samfylkingin, að þetta var allt rætt í borgarstjórn og borgarráði, var tilbúin áður í apríl til dæmis að styðja stórtæka orkusölusamninga án þess að slík skoðun færi fram – sem farið var síðan fram á í máli.

Bstj. 20. september 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að veita andsvar. Þá veitir andsvar borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúa. Mér þykir nú með ólíkindum að fundur hér í borgarstjórn um eigendastefnu og sátt um hana skuli hafa leitt okkur hingað í þessa umræðu. En af því að það er ítrekað vitnað af borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni í pistil sem er skrifaður á mína síðu og er ágætur að ég held, segir akkúrat rangt frá í ljósi þess að það hentar honum núna og einmitt tekur fram að allar upplýsingar um þessi mál sem standa þarna í pistlinum mínum hafi legið fyrir áður en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að selja ætti þennan hlut. Þetta veit borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson mæta vel að er ekki rétt. Enginn borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins nema fulltrúi hans í Orkuveitu Reykjavíkur vissi neitt um þennan samning sem er verið að tunda í þessum pistli, enginn og þess vegna er þessi pistill löngu síðar dagsettur – meira að segja eftir að Dagur B. Eggertsson er búinn að búa til nýjan 100 daga meirihlutann sinn. Það er mjög mikilvægt að vera með réttar staðreyndir hér. Það er ekki neinn í borgarstjórnarflokknum af þeim sex sem að sátu gegn þessum samningi upplýstur um þennan þjónustusamning á þessu stigi, enginn og að sjálfsögðu hefði þetta legið fyrir þá hefðum við ekki tekið neitt í mál annað en ógildingu sem á þessum tíma var búið að segja okkur að væri ekki hægt að fara í. Og við skulum hafa alla hluti á hreinu, öll borgarstjórn var sammála um að fara í ógildingu, öll borgarstjórn.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta er nýtt fyrir mér. Það kom nefnilega fram í fjölmiðlum á sínum tíma að sexmenningarnir hefðu kallað eftir öllum gögnum um málið og fengið þau, að vísu að hluta til á ensku, sem var þessi þjónustusamningur og haft þau gögn í einhverja daga áður en mánudagurinn frægi, ef ég man þetta rétt, var þegar að sexmenningarnir settust niður með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni og gerðu þá kröfu um að þetta yrði selt og það var sameiginleg niðurstaða þeirra. En ef þetta er rangt hjá mér að þá getur fjölmiðlum hafa brugðist eins og öðrum. En svona man ég þetta.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er ágætt að það sé fólk hérna að hlusta á borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson vegna þess að hann getur farið svona upp, farið með einhverjar staðreyndir sem honum hentar að séu staðreyndir á þeim tíma, sem eru svo bara rangar. Það hefur hvergi komið fram í nokkrum einasta fjölmiðli að við höfum fengið öll þau gögn sem við báðum um, þvert á móti.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvari öðru sinni.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa umræðu lengri, en þessi niðurstaða Sjálfstæðisflokksins er þá eftir því sem mér skilst núna og kemur mér svolítið á óvart og ég þarf bara að fletta upp í þessum gögnum aftur, fengin án þess að hópurinn hafi haft öll gögn málsins undir höndum. Einhverjum dögum jafnvel allt upp í tíu dögum eftir stjórnarfundinn í Orkuveitunni að þá kemst Sjálfstæðisflokkurinn að þeirri niðurstöðu að selja án þess að hafa kafað ofaní þjónustusamninginn og öll hin gögn málsins. Ég næ þessu ekki alveg saman. Þetta er greinilega undarlegra en jafnvel virtist á sínum tíma og í baksýnispeglinum, vegna þess að það er auðvitað ofboðslegur ábyrgðarhluti að leggja til sölu á þessu fyrirtæki með þessum þjónustusamningi eins og hann var og þess vegna sprakk meirihlutinn.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir óskað eftir því að veita stutta athugasemd.

Bstj. 20. september 2011

**2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, ég held að Dagur B. Eggertsson þurfi aðeins að skoða dagatalið sitt og sínar upplýsingar betur og minna sjálfan sig á það að fulltrúi Samfylkingarinnar með þá miklu fleiri og betri gögn heldur en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkti þennan gjörning, ég ítreka, samþykkti þennan gjörning, þessar skuldbindingar, þennan samning og áætlun um að selja REI. Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur var áætlað að selja allt að 50% hluta REI eftir fimm ár. Ég held að Samfylkingin þurfi að minna sjálfa sig á að hún samþykkti þennan gjörning.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið við að gera stutta athugasemd. Forseti minnir á það að andsvörum er einungis leyft að standa yfir í 14 mínútur og er þeim alveg að ljúka. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að gera stutta athugasemd.

Bstj. 20. september 2011

## **2. mál Umræða um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil bara ítreka það sem kom fram í svari mínu til Gísla Marteins Baldurssonar að það var ein af megin niðurstöðum, sameiginlegum megin niðurstöðum okkar á stjórnarfundunum sem Sjálfstæðisflokkurinn leitar svo mikils skjóls í og var undirbúinn af helstu forystumönnum Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og Orkuveitu Reykjavíkur var haldið leyndum efnisatriðum varðandi þennan þjónustusamning og mjög margt í þessu máli. Ef að Sjálfstæðisflokknum er eitthvað skjól í því að rifja það upp að fulltrúi Samfylkingarinnar samþykkti samninginn á þessum fölsku forsendum á þessum stjórnarfundum að þá skal ég bara ítreka að það var þannig, en það var á þeim forsendum og Sjálfstæðisflokknum er afar lítið skjól í því og ekki neitt.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að gera stutta athugasemd. Andsvörum er því lokið. Enginn hefur kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið undir þessum lið. Við vindum okkur í 3. mál á dagskrá sem er umræða um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. þingmál, að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks.